

SKÝRSLA FYRIR KRÖFUHAFA KAUPÞINGS BANKA HF.

5. FEBRÚAR 2009

UPPFÆRÐ Í JÚLÍ 2009



KAUPTHING BANK

Fyrirvari

Þessi kynning (ásamt breytingum og viðbótum við hana) hefur verið útbúin af skilanefnd Kaupþings banka hf. til upplýsinga fyrir kröfuhafa Bankans. Henni er ætlað að gefa kröfuhöfum Bankans yfirlit yfir þær aðgerðir sem þegar hefur verið gripið til, núverandi stöðu og möguleg næstu skref. Þær viðbætur og breytingar sem gerðar hafa verið á kynningunni frá áður birtum útgáfum hennar er ætlað að upplýsa kröfuhafa um þá þróun sem orðið hefur á málefnum Bankans en ekki skal líta á þær sem tæmandi yfirlit yfir allar þær breytingar sem kunna að skipta máli fyrir kröfuhafa. Við gerð og uppfærslu kynningarinnar var ekki tekið tillit til hagsmuna einstakra kröfuhafa eða hópa kröfuhafa.

Í þeim tilvikum sem upplýsingar í þessari kynningu stafa frá þriðja aðila hefur Bankinn álitid þær vera áreiðanlegar. Þrátt fyrir það tekur Bankinn enga ábyrgð á áreiðanleika slíkra heimilda. Ennfremur ber Bankinn enga ábyrgð á því hversu nákvæmar eða tæmandi upplýsingar í þessari kynningu eru. Bankanum ber engin skylda til að gera leiðréttingar eða breytingar á kynningunni verði vart við villur, nýjar upplýsingar koma fram eða forsendur breytast. Sú staðreynd að Bankinn hefur uppfært kynninguna leggur ekki þá skyldu á Bankann að gera breytingar eða viðbætur við hana í ljósi nýrra upplýsinga, breytinga eða hún innihaldi villur, hvort sem slíkt á sér stað eða kemur í ljós fyrir eða eftir birtingardag á uppfærðri kynningunni. Engin skylda hvílir á Bankanum til að gera ætluðum viðtakendum eða hugsanlegum lesendum kynningarinnar viðvart um þær breytingar eða viðbætur sem kunna að vera gerðar á kynningunni.

Endanlegt söluvirði eigna sem og mat á skuldbindingum Bankans kann að breytast miðað við þær forsendur sem hér koma fram. Þættir sem geta leitt til breytinga eru meðal annars eftirfarandi:

- (a) Lausn álitafna sem vakna varðandi mat á kröfum
- (b) Frekari kröfur sem koma fram á hendur Bankanum
- (c) Söluaðferðir sem verða notaðar
- (d) Áhrif skuldajöfnuða, meðal annars í tengslum við afleiðusamninga
- (e) Breytingar á gengi gjaldmiðla og vaxtastigi
- (f) Ríkjandi markaðstæður þegar eignir eru seldar

Þær upplýsingar sem fram koma í kynningu þessari eru ekki ætlaðar til notkunar við töku viðskiptaákvæðana. Séu viðskiptaákvæðanir teknar á grundvelli upplýsinga sem koma fram í kynningunni tekur hvorki Bankinn né aðstoðarmaður í greiðslustöðvun ábyrgð á slíkum ákvörðunum.

Skýrslan er gefin út á ensku og íslensku. Sé misræmi á milli útgáfa skal efni skýrslunnar sem er á ensku ganga framár.

Óheimilt er að nota efni, vinnu eða vörumerki Bankans án skriflegs samþykkis hans nema annað sé sérstaklega tekið fram. Enn fremur er óheimilt að birta efni sem samið er eða tekið saman af Bankanum án skriflegs samþykkis hans.

Morgan Stanley, sem er fjárhagslegur ráðgjafi skilanefndar Kaupþings banka hf., mun ekki líta á neinn annan aðila (hvort sem sá aðili kann að vera ætlaður viðtakandi eða hugsanlegur lesandi þessarar kynningar eða ekki) sem skjólstæðing sinn varðandi málefni Bankans og mun ekki bera ábyrgð gagnvart neinum öðrum en skilanefndinni á þeirri ráðgjöf. Allir meðlimir Morgan Stanley Group hafna allri ábyrgð gagnvart öðrum aðilum en skilanefnd Kaupþings banka hf. hvað varðar þessi málefni og þá ráðgjöf sem kann að verða veitt af þeirra hálfu varðandi málefni Bankans.

Efnisyfirlit

Skammstafanir	5
1. Forsaga	6
1.1 Stóra myndin – lausafjár- og fjármálakreppa á heimsvísu	6
1.2 Íslenska bankakreppan	6
1.3 KSF sett í greiðslustöðvun	7
1.4 Yfirsýn yfir Bankann	7
2. Röð atburða	8
3. Skilanefndin	10
3.1 Samþykkt neyðarlaganna	10
3.2 Upphafleg markmið skilanefndar	10
3.3 Helstu verkefni skilanefndar í dag	11
3.4 Núverandi staða á dótturfélögum Bankans	14
3.5 Núverandi staða á útibúum Bankans	16
3.6 Núverandi skipulag Kaupþings Banka	18
3.7 Upplýsingagjöf og samskipti við kröfuhafa	20
4. Sala eigna og endurskipulagning	22
4.1 Almenn nálgun og forsendur	22
4.2 Seldar eignir	22
4.3 Endurskipulagning eigna	23
5. Greining fjárhagslegra upplýsinga	26
5.1 Skipting Bankans og Nýja Kaupþings	26
5.2 Efnahagsreikningur Kaupþings	27
5.3 Nánari sundurliðun á efnahagsreikningi Kaupþings	29
5.4 Mat á eignum Kaupþings	33
6. Greiðslustöðvun	35
6.1 Inngangur	35
6.2 Aðstoðarmaður í greiðslustöðvun	35
6.3 Tímalengd greiðslustöðvunar	36
6.4 Reglur um greiðslustöðvun	36
6.5 Slitastjórn	37
6.6 Kröfuhafafundir	39
6.7 Yfirlit yfir íslenska löggjöf um nauðasamninga	40
6.8 Ástæður greiðslustöðvunar	41
6.9 Lok greiðslustöðvunartímabils	42
7. Mögulegar hugmyndir að endurskipulagningu Bankans	44
7.1 Verðmat á eignum sem fluttar voru inn í Nýja Kaupþing og verðmat á fjármálagerningnum	44
7.2 Aðrar leiðir til endurskipulagningar	44
7.3 Samband Bankans og Nýja Kaupþings	45
7.4 Samkomulag um fjármögnun, endurgreiðslu og ferli	46
7.5 Frekari möguleikar á endurskipulagningu	49
7.6 Samstarfsnefnd Bankans og aðrir stjórnskipaðir aðilar	50
Viðauki A – Fundargerð frá kröfuhafafundi bankans sem haldinn var 5. febrúar 2009	51
Fyrirvari	52

Helstu viðbætur og breytingar sem gerðar hafa verið á skýrslunni í júní og júlí

Á þeim níu mánuðum sem greiðslustöðvunin varir, frá 13. febrúar til 13. nóvember, mun Bankinn mánaðarlega uppfæra skýrslu fyrir kröfuhafa á heimasíðu sinni, www.kaupthing.com, til að bæði þeir og allur almenningur geti fylgst með framvindu mála og fengið upplýsingar um það sem gerst hefur í liðnum mánuði.

Með viðbótum og breytingum á skýrslunni hverju sinni er ætlunin að kröfuhafar fái nýjustu fréttir af þróun mála en ekki ber að líta á þessar upplýsingar sem tæmandi lista yfir öll þau mál sem kröfuhafar kunna að telja mikilvæg.

Til hagræðingar fyrir þá sem lásu síðustu skýrslu eru helstu viðbætur og breytingar auðkenndar með bláu lettri en allar minni háttar breytingar eru svartletraðar. Texta sem tekinn hefur verið út, og á ekki við lengur, hefur verið eytt úr skjalinu án neinna auðkenna. Helstu viðbætur og breytingar eru í eftirfarandi köflum:

- 2 Röð atburða
- 3.4 Núverandi staða á dótturfélögum Bankans
- 3.5 Núverandi staða á útibúum Bankans
- 3.6 Núverandi skipulag Bankans
- 3.7 Upplýsingagjöf og samskipti við kröfuhafa
- 4.2 Sala eigna og endurskipulagning: Seldar eignir
- 4.3 Endurskipulagning eigna
- 5.1 Skipting Bankans og Nýja Kaupþings
- 5.4 Mat á eignum Kaupþings
- 6.5 Slitastjórn
- 6.7. Yfirlit yfir íslenska löggjöf um nauðasamninga
- 7.1 Mögulegar hugmyndir að endurskipulagningu Bankans: Verðmat á eignum sem fluttar voru inn í Nýja Kaupþing og verðmat á fjármálagerningnum
- 7.3 Mögulegar hugmyndir að endurskipulagningu: Samband Bankans og Nýja Kaupþings
- 7.4 Mögulegar hugmyndir að endurskipulagningu: Samkomulag um fjármögnun, endurgjald og ferli

Skammstafanir

Eftirfarandi skammstafanir eru notaðar í þessari skýrslu:

FME	Íslenska fjármálaeftirlitið
ICC	Óformleg nefnd kröfuhafa Bankans
Bankinn	Kaupþing banki hf.
Nýja Kaupþing	Nýi Kaupþing banki hf.
KSF	Kaupthing Singer & Friedlander Limited
FIH	FIH Erhvervsbank A/S
KT Lux	Kaupthing Bank Luxembourg S.A.
Neyðarlögin	Lög nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl.
Ákvörðun FME	Ákvörðun FME um ráðstöfun eigna og skulda Kaupþings banka hf. til Nýja Kaupþings banka hf. frá 21. október 2008
Gjaldþrotalögin	Lög nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.
AGS	Alþjóða gjaldeyrissjóðurinn

1. Forsaga

1.1 Stóra myndin – lausafjár- og fjármálakreppa á heimsvísu

Bankakerfi heimsins er í aðalhlutverki í yfirstandandi fjármálakreppu í heiminum. Frá miðju ári 2007, en sérstaklega árið 2008, breyttust aðstæður á markaðnum skyndilega til hins verra. Einkenni þessara breytinga voru alvarlegir brestir á lánamörkuðum og órói á sviði banka- og veðlánastarfsemi. Þessar aðstæður sköpuðu afar erfitt viðskiptaumhverfi fyrir banka almennt séð og náðu erfiðleikarnir hámarki á síðari hluta árs 2008, einkum í september og október. Til marks um það hversu alvarlegt ástandið var má nefna: i) fall hlutabréfa í banka- og fjármálafyrirtækjum í september 2008 og um það leyti, ii) fall Lehman Brothers, alþjóðlegs fjárfestingarbanka þann 15. september 2008 og iii) stóra og fordæmalaus „björgunaraðgerð“ fyrir bandaríska banka sem bandaríski fjármálaráðherra tilkynnti um þann 20. september 2008; í kjölfarið fylgdu svipaðar björgunaraðgerðir í flestum öðrum vestrænum ríkjum.

Í stuttu máli þá voru aðstæður í fjármálakerfinu um allan heim án fordæma og sú staða leiddi til samsvarandi slæmra áhrifa á lánamarkaði, sem leika lykilhlutverk í fjármálakerfum og hagkerfum heimsins. Úr varð „lausafjárkreppan“ svokallaða. Þetta hafði alvarleg áhrif á alþjóðahagkerfið og ríkisstjórnir um allan heim. Áhrifin lýstu sér t.a.m. í verulegu verðfalli hlutabréfa og gríðarlegum sveiflum á gjaldeyris- og hrávörumörkuðum. Lánshæfismatsfyrirtæki voru knúin til þess að endurmeta lánshæfismatseinkunnir sínar á fjármálastofnunum um allan heim.

1.2 Íslenska bankakreppan

Síðastliðinn áratug hafa róttækar breytingar átt sér stað á íslensku hagkerfi. Þróun alþjóðlega fjármálageirans, ásamt vexti í hátækniageiranum, álframleiðslu og ferðamálastarfsemi, leiddu til þess að íbúar landsins, rúmlega 300.000 manns, upplifðu áður óþekktu velmegun, en þeir höfðu áður byggt afkomu sína að meginstefnu til á aldagömlum sjávarútvegi. Með þessari þróun stækkuðu þrjár stærstu bankar landsins, Kaupþing banki hf. („Bankinn“), Glitnir banki hf. („Glitnir“) og Landsbanki Íslands hf. („Landsbanki“) og nam stærð þeirra næstum tífaldri vergri þjóðarframleiðslu landsins.

Þann 29. september 2008 tilkynntu íslensk stjórnvöld um þá fyrirætlun að eignast 75% hlut í þriðja stærsta banka Íslands, Glitni, sem hafði átt í verulegum erfiðleikum með skammtímafjármögnun. Þessi afskipti stjórnvalda virðast hafa valdið þveröfugum viðbrögðum miðað við sambærilegar aðgerðir í öðrum löndum. Í stað þess að með þessu tækist að byggja upp traust gerðist hið gagnstæða, markaðurinn hafði ekki trú á nálgun íslenska ríkisins og traust á íslenska bankakerfinu minnkaði, sem lýsti sér í útflæði innlána. Það varð ljóst að án inngrips stjórnvalda hefði Glitnir getað fallið og upp komu vangaveltur um getu Seðlabanka Íslands til þess að veita íslenska bankakerfinu, í víðara samhengi, nauðsynlegan stuðning í bankakreppunni. Þetta hrinti af stað miklu falli á gengi íslensku krónunnar og olli því að lánshæfismatsfyrirtæki lækkuðu lánshæfismatseinkunnir íslenska ríkisins og íslensku bankanna. Erlendir fjárfestar reyndu að selja íslenskar eignir sínar og breskir innstæðueigendur tóku út innlán sín hjá Icesave, netbanka Landsbankans. Auk þess jókst útflæði innlána hjá Kaupþing Edge UK, netbanka breska dótturfélags Bankans, Kaupþing Singer & Friedlander Limited („KSF“).

Mánudaginn 6. október 2008 voru viðskipti með hluti flestra íslensku banka (þ.m.t. Bankans) stöðvuð á Íslandi og sett neyðarlög (lög nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl.) sem heimiluðu Fjármálaeftirlitinu („FME“) að taka yfir starfsemi íslensku bankanna.

1.3 KSF sett í greiðslustöðvun

Eftir að breskir innlánaeigendur tóku út innlán sín hjá Icesave, netbanka Landsbankans í Bretlandi, tóku íslensk stjórnvöld við stjórn Landsbankans. Strax í kjölfarið jukust úttektir af innlánsreikningum hjá Kaupthing Edge í Bretlandi umtalsvert, þrátt fyrir þá staðreynd að innlán hjá Kaupthing Edge væru tryggð af breska innlánaþryggingarsjóðnum og Icesave innlánin af íslenska tryggingarsjóðnum. Eftir að breski fjármálaráðherra skýrði frá því að Ísland hygðist ekki uppfylla skyldur sínar gagnvart breskum innlánaeigendum færði breska fjármálaráðuneytið innlán Kaupthing Edge frá dótturfélagi Bankans, KSF, til ING Direct, dótturfélags að öllu leyti í eigu ING Group. KSF var í kjölfarið sett í greiðslustöðvun (e. administration). Kröfuhafar Bankans litu á þessa stöðu sem vanefndatilvik (e. event of default) samkvæmt ýmsum lánasamningum og skuldabréfaútgáfum.

1.4 Yfirsýn yfir Bankann

Bankinn var stærsti íslenski bankinn og var með höfuðstöðvar sínar í Reykjavík. Hann starfaði á öllum Norðurlöndunum, Bretlandi, Bandaríkjunum, Dubai, Qatar, Lúxemborg, Belgíu, Sviss, Þýskalandi, Austurríki, Hong Kong, Japan og á Mön. Bankinn bauð upp á heildstæða fjármálaþjónustu fyrir fyrirtæki, stofnanafjórðing og einstaklinga. Í þessu fólst fyrirtækja- og einstaklingsþjónusta, fjárfestingarbankaþjónusta, markaðsviðskipti, fjárfestingarþjónusta, eignastýring og einkabankaþjónusta. Hlutabréf Bankans voru skráð í kauphöllum á Íslandi og í Stokkhólmi og var hann um tíma sjöundi stærsti norræni bankinn, miðað við markaðsverðmæti. Stærstur hluti rekstrartekna Bankans varð til á Íslandi, í Skandinavíu og í Bretlandi. Frá stofnun 1982 jók Bankinn umsvif sín með innri vexti og með nokkrum strategískum yfirtökum, þar með talið kaupnum á FIH Erhvervsbank („FIH“) árið 2004 og kaupnum á Singer & Friedlander (nú KSF) árið 2005. Í lok H1 2008 voru starfsmenn Bankans rúmlega 3.300 og heildareignir nálægt 53 milljörðum evra.

2. Röð atburða

29. september – 9. október 2008

- Íslenska stjórnvöld tilkynna um áform sín um yfirtöku á 75% hlut í Glitni
- Matsfyrirtækin lækka láns hæfiseinkunnir íslenska ríkisins, Kaupþings, Glitnis og Landsbanka
- Viðskipti með hlutabréf Bankans stöðvuð í Kauphöll Íslands
- Alþingi samþykkir neyðarlögin
- Seðlabanki Íslands lánar Bankanum 500 milljónir evra
- Breska fjármálaeftirlitið setur KSF í greiðslustöðvun
- Stjórn Bankans biður FME að taka yfir vald hluthafafundar í samræmi við lög nr. 125/2008

9. október – 22. október 2008

- FME skipar skilanevnd sem tekur við öllum heimildum stjórnar þegar í stað
- Nýi Kaupþing banki („Nýja Kaupþing“) stofnaður
- Tilteknar innlendar eignir og innlendar innistæður færðar til Nýja Kaupþings, í samræmi við ákvörðun FME um ráðstöfun eigna og skulda Kaupþings banka hf. til Nýja Kaupþings banka hf. („Ákvörðun FME“)

22. október til dagsins í dag

- Skilanevnd vinnur að því að hámarka verðmæti eigna Bankans
- Skilanevnd heldur fundi með óformlegri kröfuhafanevnd stærstu kröfuhafa Bankans („ICC“)
- Greiðslustöðvun samþykkt, Ólafur Garðarsson skipaður aðstoðarmaður í greiðslustöðvun
- Óskað eftir viðurkenningu á greiðslustöðvun samkvæmt 15. kafla bandarísku gjaldþrotalaganna
- Bráðabirgðavernd fengin samkvæmt 15. kafla bandarísku gjaldþrotalaganna
- Fjármálafyrirtækið Morgan Stanley tekur að sér ráðgjafarhlutverk og aðstoð við endurskipulagningu Bankans
- Aðstoðarmaður í greiðslustöðvun boðar til kröfuhafafundar
- Héraðsdómur Reykjavíkur framlengir greiðslustöðvun Bankans til 13. nóvember 2009
- Mikilvægar breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki þann 22. apríl 2009
- Slitastjórn Kaupþings var skipuð 25. maí 2009
- Formlegt kröfufylsingarferli hófst 30. júní og mun standa yfir í 6 mánuði, eða til 30. desember 2009. Hægt er að nálgast kröfufylsingareyðublöð á www.kaupthing.com.
- Hinn 20. júlí var samkomulag milli skilanevndar Kaupþings og ríkisins vegna Nýja Kaupþings kynnt

Næstu skref

- **31. júlí 2009:** Markmiðið er að skilanefnd Kaupþings og stjórnvöld ljúki allri tilskilinni skjalagerð í tengslum við endurfjármögnun Nýja Kaupþings
- **14. ágúst 2009:** Allri tilskilinni skjalagerð verður að vera lokið í tengslum við endurfjármögnun Nýja Kaupþings - verði það ekki gert, þá fellur samkomulagið niður
- **14. ágúst 2009:** Ríkið hyggst fjármagna Nýja Kaupþing að fullu með 70 milljarða framlagi í formi almenns hlutafjár þar til endurfjármögnunin verður ekki lengur háð skilyrðum. Þetta hlutafjárframlag mun gera Nýja Kaupþingi kleift að fullu starfhæfan á meðan (sjá nánar í kafla 7.4)
- **September 2009:** Skilanefndin stefnir á að halda kröfuhafafund þar sem helsta umfjöllunarefnið verður samkomulag Bankans og ríkisins í málefnum Nýja Kaupþings
- **31. október 2009:** Lokadagur frests sem Bankinn hefur til þess að klára áskrift sína fyrir hlutum í Nýja Kaupþingi
- **13. nóvember 2009:** Dómsþing háð til þess að ákvarða um áframhald greiðslustöðvunarferlis ef Bankinn ákveður að sækja um framlengingu á greiðslustöðvun
- **30. desember 2009:** Formlega kröfulýsingarferlinu sem hófst 30. júní 2009 lýkur
- **29. janúar 2010:** Kröfuhafafundur haldinn kl. 10:00 á Hilton Hotel Nordica
- **24. nóvember 2010:** Greiðslustöðvunarferlið getur í mesta lagi staðið fram til þessa dags

3. Skilanefndin

3.1 Samþykkt neyðarlaganna

Eins og fram hefur komið í kaflanum hér á undan er Ísland nú í miðri bankakreppu, sem á vart sína líka að umfangi. Þrír stærstu bankarnir, sem allir féllu, samsvöruðu um 85% af bankakerfi landsins. Þann 9. október 2008, með vísan til ákvæða nýju neyðarlaganna, sem sett voru vegna sérstakra og mjög óvenjulegra aðstæðna á fjármálamarkaði, sagði stjórn Bankans af sér og FME skipaði fimm manna skilanefnd sem tók strax við öllum heimildum stjórnar. Þessar aðgerðir voru teknar til þess að tryggja viðeigandi starfsemi Bankans á Íslandi og til þess að stuðla að stöðugleika íslensks fjármálakerfis. Meðlimir skilanefndar voru valdir af FME og skipaðir úr hópi íslenskra lögmannna, endurskoðenda og annarra sérfræðinga. Í dag eru eftirfarandi fulltrúar í skilanefnd Bankans:

- Steinar Þór Guðgeirsson, hæstaréttarlögmaður, formaður
- Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hæstaréttarlögmaður
- Knútur Þórhallsson, löggiltur endurskoðandi
- Guðni Aðalsteinsson, hagfræðingur
- Theódór Sigurbergsson, löggiltur endurskoðandi

Upphaflega starfaði skilanefnd í samráði og samstarfi við FME. Hins vegar, eftir að Bankinn fékk greiðslustöðvun, þann 24. nóvember 2008, hefur skilanefnd öðlast meira sjálfstæði frá ríkisstofnunum og stjórnar nú Bankanum í samráði við Ólaf Garðarsson, hæstaréttarlögmann og aðstoðarmann í greiðslustöðvun. Eins og aðrar fjármálastofnanir á Íslandi þá er Bankinn enn undir eftirliti FME.

Að beiðni skilanefndarinnar skipaði Héraðsdómur Reykjavíkur, þann 25. maí, slitastjórn fyrir Bankann í samræmi við nýlegar breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki. Slitastjórnina skipa Ólafur Garðarsson, fyrrnefndur aðstoðarmaður í greiðslustöðvun, Davíð B. Gíslason héraðsdómslögmaður og Feldís L. Óskarsdóttir héraðsdómslögmaður. Nánar verður fjallað um starfssvið slitastjórnarinnar í kafla 6.5 *Slitastjórn*.

3.2 Upphafleg markmið skilanefndar

Skilanefnd hafði mjög skýr markmið í upphafi sem eru talin upp hér að neðan. Hluti þeirra markmiða voru sett með vísun í neyðarlögin. Hins vegar er vert að minnast á að skilanefnd kom ekki nærri skiptingu Bankans og Nýja Kaupþings.

Viðhalda viðskiptabankastarfsemi á Íslandi í samræmi við neyðarlögin. Skilanefnd vann hörðum höndum að því að tryggja að dagleg starfsemi útibúa Bankans á Íslandi yrði fyrir sem minnstum neikvæðum áhrifum.

Þetta markmið náðist, þegar Nýi Kaupþing banki var stofnaður formlega þann 18. október 2008 og tók yfir viðskiptabankastarfsemi Bankans á Íslandi þann 22. október 2008.

Verja innstæðueigendur hérlendis og erlendis í samræmi við neyðarlögin. Skilanefnd vann að þessu markmiði í samstarfi við erlend yfirvöld, fjármálaeftirlit og seðlabanka. Þetta markmið náðist innanlands, þar sem Nýi Kaupþing banki ber nú ábyrgð á innlendum innlánnum, og að því er varðar erlenda innstæðueigendur þá hefur markmiðinu nú verið náð, nema þar sem verið er að semja um lokafrágang. Samkvæmt Neyðarlögunum eru innlán, sem Bankinn eða útibú hans hafa tekið við, forgangskröfur gagnvart Bankanum. Bankanum er því skylt að endurgreiða innlán á undan almennum kröfum. Samkvæmt íslenskum rétti getur skilanefndin ekki komið að meðferð innlána hjá dótturfélögum eða

útibúum dótturfélaga en möguleg endurgreiðsla slíkra innlána er á hendi stjórna viðkomandi dótturfélaga.

Tryggja sérþekkingu og kunnáttu með því að ráða lykilstarfsmenn. Eitt helsta verkefni skilanevndar er að verja eignir Kaupþings þar til kröfuhafar hafa fengið verðmæti sín í hendur. Því verður næg sérfræðþekking að vera til staðar til að hægt sé að sinna eignastýringu og veita nauðsynlega þjónustu. Þessu markmiði var náð með því að ráða nokkra hæfa starfsmenn, ýmist í fullt starf eða hlutastarf. Um 50 sérfræðingar eru nú að störfum hjá skilanevndinni.

Tryggja greiðslumiðlun í öllum gjaldmiðlum innanlands og til og frá útlöndum. Erfiðleikarnir sem upp komu varðandi greiðslur til og frá Íslandi mátti einkum rekja til aðgerða erlendra stjórnvalda og gjaldeyristakmarkana sem settar voru af Seðlabanka Íslands. Skilvirkt flæði fjármagns var nauðsynlegt íslensku hagkerfi; fyrir innflytjendur, útflytjendur, o.s.frv. Þessir erfiðleikar voru leystir að nokkru leyti með ákvörðun FME.

Gæta hagsmuna kröfuhafa. Skilanevnd hefur einbeitt sér að því að verja eignir Bankans og varðveita verðmæti fyrir kröfuhafa. Kröfuhafar hafa verið upplýstir um þróun mála í gegnum heimasíðu Bankans, með samskiptum í gegnum tölvupóstfang hans fyrir fyrirspurnir kröfuhafa og með fréttatilkynningum. Þetta markmið er og verður áfram eitt af meginmarkmiðum skilanevndar og næst ekki að fullu fyrr en framtíðarlausn, sem er ásættanleg fyrir kröfuhafa, hefur fundist og henni verið hrint í framkvæmd.

3.3 Helstu verkefni skilanevndar í dag

Skilanevnd er ábyrg fyrir daglegri starfsemi Bankans og heldur nokkra formlega fundi í hverri viku. Þegar formlegir fundir eru haldnir er viðveru allra nefndarmanna krafist. Skilanevndin starfar sem fyrr segir í samráði við aðstoðarmann í greiðslustöðvun. Helstu verkefni skilanevndar eru sem hér segir:

Vernda hagsmuni kröfuhafa. Meginverkefni skilanevndar er að vernda hagsmuni kröfuhafa Bankans. Af viðræðum við kröfuhafa á upphafsstigum ferilsins varð skilanevnd það ljóst að kröfuhafar höfðu áhyggjur af því að eignir yrðu seldar strax. Til þess að vernda hagsmuni kröfuhafa hefur skilanevnd þróað stefnu með það fyrir augum að hámarka þau verðmæti sem hægt er að koma til kröfuhafa á síðari stigum. Á undanförunum mánuðum hefur skilanevndin því lagt áherslu á að verja og hámarka verðmæti eigna Bankans til að tryggja að sem mest fáiast upp í kröfur.

Þegar skilanevnd metur eignir Bankans er framkvæmt bráðabirgðamat á eigninni og lagt mat á það hversu mikla vinnu þarf að leggja út í vegna þjónustu og eftirlits vegna eignarinnar. Eignirnar eru metnar með hliðsjón af tveimur mælikvörðum: núverandi markaðsvirði annars vegar og hins vegar kostnaði og stuðningi sem þarf vegna eignarinnar og mögulegri endurheimt eða söluvirði ef eignin er seld á síðari stigum.

Fram til þessa, hafa engar eignir Bankans verið seldar á „brunaútsölu“. Samkvæmt stefnumörkun nefndarinnar eru eignir aðeins seldar ef þær þurfa stuðning sem er umfram það sem Bankinn ræður við eða ef viðunandi verð fæst fyrir þær að teknu tilliti til fjármögnunarþarfar vegna viðhalds eignanna til framtíðar. Aðrar eignir á að varðveita og verja þangað til markaðsaðstæður batna með tímabundnum stuðningi Bankans eftir því sem þörf krefur. Þannig ætti að vera tryggt að hægt sé að koma hámarksverðmæti fyrir hverja eign til kröfuhafa síðar í ferlinu.

Samskipti við kröfuhafa. Bankinn leggur áherslu á að eiga í góðum og skilvirkum samskiptum við kröfuhafa. Skilanevnd réð endurskoðunarfyrtækið Deloitte í Bretlandi í október 2008 til að veita ráðgjöf og greiða fyrir samskiptum við kröfuhafa. Í byrjun árs 2009 var samningssambandinu við Deloitte slitið og hefur skilanevnd síðan þá borið ábyrgð á öllum samskiptum og samráði við kröfuhafa. Til að bæta

samskipti við kröfuhafa sem eru staðsettir um allan heim hefur vefsíðu Bankans, www.kaupthing.com, verið breytt í upplýsingamiðstöð fyrir kröfuhafa. Vefsíða Bankans er uppfærð reglulega og geta kröfuhafar sent fyrirspurnir á pósthfangið creditorcontact@kaupthing.com. Reynt er að svara spurningum og athugasemdum eins fljótt og kostur er eða þegar viðeigandi upplýsingar liggja fyrir.

Skömmu eftir ráðningu Deloitte var óformleg nefnd kröfuhafa Bankans, ICC, stofnuð. Kröfuhafanefndin er fyrst fremst hugsuð sem ráðgjafarnefnd og hefur hún engin formleg völd né skyldur samkvæmt íslenskum lögum. Skilanefnd og kröfuhafanefndin hafa m.a. rætt saman um hvernig hámarka megi verðmæta eigna Bankans og auk þess sem rætt hefur verið um tillögur að endurskipulagningu sem miða að því að hægt verði að greiða út verðmæti til kröfuhafa Bankans. Skilanefnd hittir kröfuhafanefndina eða heldur símafundi með henni reglulega.

Frágangur á efnahagsreikningi Bankans. Heildarefnahagsreikningi móðurfélags Kaupþings hefur verið skipt upp á milli Bankans og Nýja Kaupþings miðað við 22. október. Verið er að vinna að aðskildum efnahagsreikningum fyrir hvort félag um sig. Búið er við að þeirri vinnu ljúki þegar skilmálar fjármálagerningsins, sem gefin verður út til þess að koma í stað þeirra eigna og skulda sem fluttar voru frá Kaupþingi yfir í Nýja Kaupþing, hafa verið ákveðin.

Innri endurskoðun. Í október 2008 réð skilanefndin Pricewaterhouse Coopers („PWC“) á Íslandi, að beiðni FME, til þess að inna af hendi fyrstu endurskoðunarvinnu og rannsókn á starfsemi Bankans á tímabilinu frá 1. september til 21. október 2008. Þann 31. desember skilaði PWC skýrslunni til FME („PWC-skýrslan“). Hluti PWC-skýrslunnar fjallar um tiltekin viðskipti sem áttu sér stað á síðustu mánuðunum áður en FME hafði afskipti af starfsemi bankans.

Skilanefndin hefur skipað undirnefnd til þess að endurskoða tiltekin viðskipti sem skilanefndin tilgreinir, og undirbúa og hefja málsókn gegn aðilum sem kunna að skulda Bankanum vegna þessara viðskipta, eða bera að öðrum kosti ábyrgð á hugsanlegu tapi Bankans vegna þessara viðskipta. Markmið skilanefndarinnar er, með öðrum orðum, að leggja fram allar hugsanlegar kröfur sem Bankinn kann að hafa gegn þriðja aðila í tengslum við hin tilteknu viðskipti sem getið er um hér að ofan, að meðtöldum kröfum sem upp koma vegna hugsanlegra eða meintra misgerða fyrrverandi stjórnar Bankans eða þriðju aðila. Í þessari undirnefnd eiga sæti tveir aðilar frá skilanefndinni ásamt fyrrum innri endurskoðanda Kaupþings Banka.

Enn fremur hefur skilanefndin ákveðið að undirnefndin skuli annast öll bréfaskipti og samskipti við rannsóknarnefnd Alþingis sem starfar skv. ákvæðum laga nr. 142/2008, FME og embætti sérstaks saksóknara sem starfar skv. ákvæðum laga nr. 135/2008.

Þessi undirnefnd vinnur nú að ýmsum verkefnum ásamt utanaðkomandi sérfræðingum, bæði innlendum og erlendum, t.d. sérstöku réttarrannsóknarteymi í London, utanaðkomandi lögfræðiráðgjöfum, endurskoðendum og öðrum ráðgjöfum sem ráðnir hafa verið til starfa. Meginmarkmiðið er að endurheimta eignir eftir því sem við á.

Skuldajöfnun og lokun afleiðusamninga. Skilanefnd vinnur að lokun allra afleiðusamninga og er að meta skuldajöfnunaráhrif. Sérfræðingateymi innan Bankans er að greina stöðu Bankans með því að fara í gegnum alla viðkomandi fjármálagerninga mótaðila, og stofnuð hefur verið skuldajöfnunarnefnd til að yfirfara og komast að niðurstöðu um hvert mál fyrir sig. Bankinn hefur verið að endurskoða og loka afleiðusamningum á gjalddögum eða fyrr að beiðni viðskiptavina, í samræmi við undirliggjandi samninga, skilmála og markaðsvenjur. Aðeins hafa verið gerðar upp afleiður sem eru í hagnaði hjá Bankanum. Aðrar afleiður eru skuldajafnaðar í samræmi við samningsskilmála. Afleiður sem eru í tapi eru ótryggðar forgangskröfur gegn Bankanum og því hafa þær ekki verið gerðar upp. Bankinn hefur skoðað ýmis tilvik þar sem óskað hefur verið eftir skuldajöfnun. Enn er óvissa um heildarmagn skuldajöfnunar og hver áhrifin verða. Hingað til hafa Bankanum borist kröfur um skuldajöfnun frá

mótaðilum að upphæð um 200 milljarðar íslenskra króna, að frátöldum uppgjörum skv. ISDA samningum, en ekki má með nokkru móti líta á það sem endanlega upphæð og fyrir því eru tvær meginástæður: Í fyrsta lagi eiga mótaðilar rétt á að leggja fram kröfu þar til formlegu kröfulýsingartímabili lýkur, en það tímabil er nýhafið. Í öðru lagi þarf að skoða hvert mál fyrir sig og meta það áður en hægt er að samþykkja eða hafna kröfunni.

Í mörgum tilvikum er verið að vinna að undirbúningi vegna innheimtuaðgerða og í nokkrum tilvikum þar sem undirliggjandi veð eru seljanlegar eignir, einkum lausafé og verðbréf, hefur Kaupþing þegar hafið innheimtuaðgerðir.

Vernd gegn kyrrsetningu eigna og endurheimt verðmæta. Skilanefnd leggur áherslu á að vernda hagsmunum kröfuhafa með því að koma í veg fyrir kyrrsetningu eða frystingu eigna. Á Evrópska efnahagssvæðinu hefur skilanefnd varist kyrrsetningarbeiðnum eftir því sem viðkomandi mál falla til og ber skilanefnd þá fyrir sig tilskipun 2001/24/EB um endurskipulagningu og slit lánastofnana. Bankinn hefur einnig fengið greiðslustöðvun í Bandaríkjunum samkvæmt reglum 15. kafla bandarísku gjaldþrotalöggjafarinnar og hefur sú aðgerð veitt Bankanum vernd í Bandaríkjunum.

Skilanefnd hefur einnig tekist að endurheimta verðmæti í gegnum samninga við erlend yfirvöld og einkaaðila.

Takmarkanir á lögsóknum gegn Bankanum.

Skilanefnd hefur stöðvað lögsóknir á hendur Bankanum í Bandaríkjunum, Lúxemborg, Hollandi, Spáni og Bretlandi og vinnur einnig að því að stöðva málssóknir í Austurríki. Bankinn stendur í málarekstri í nokkrum tilvikum, þar á meðal í eftirfarandi málum:

- Bankinn höfðar nú mál gegn Ocatello Investments Limited fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur vegna um 650 milljón punda skuldar vegna yfirdráttarsamnings. Tveir aðilar úr skilanefndinni hafa nú verið skipaðir í stjórn Ocatello Investments Limited og einnig í stjórn nokkurra dótturfélaga þess. Bankinn hefur tekið yfir veð í verðbréfum, svo sem í hlutabréfum í Ocatello Investments Limited.
- Bankinn stendur í málarekstri vegna skiptasamnings sem gerður hafði verið við BTMU áður en FME fól skilanefndinni að taka við stjórn Bankans í samræmi við neyðarlögin.
- Dómstóll í Bretlandi hefur fallist á beiðni Bankans um að fram fari lögfræðileg endurskoðun á réttmæti ákvörðunar breskra stjórnvalda um að framselja til þriðja aðila, án bóta, eignir og innstæður á Kaupthing Edge reikningum hjá KSF, þann 8. október 2008. Dómstóllinn mun taka málið upp og sönnunarfærsla og efnislegur málflytningur munu fara fram um íhlutun breskra stjórnvalda í rekstur KSF. Bankinn heldur því fram að aðgerðir breskra stjórnvalda hafi verið óréttmætar og ólöglegar. Skilanefndin fagnar niðurstöðu dómstólsins og vonast til að fjárstuðningur, sem lofað hefur verið, berist frá ríkisstjórn Íslands til að tryggja að unnt verði að halda málaferlunum áfram. Skilanefndin vill einnig áréttta að ákvörðun dómstólsins felur ekki í sér neina vísbendingu um hverjar endanlegar lyktir málsins verða.

Innheimta krafna og fullnusta veðkrafna. Bankinn heldur áfram venjubundinni innheimtu fjárfrafna vegna vanskila skuldara. Í því felst að skilanefnd leitast fullnustu í veðsettum eignum, tekur yfir stjórn fyrirtækja eftir því sem við á o.s.frv.

Skoðun óvenjulegra viðskipta. Skilanefnd skoðar óvenjuleg viðskipti sem berast á borð hennar og varða Bankann. Öll viðskipti sem krefjast frekari athugunar eru sett í viðeigandi ferli.

Lausnir vegna helstu útibúa og dótturfélaga. Töluverð vinna hefur átt sér stað á vegum skilanevndar erlendis við að: i) tryggja framtíðarrekstur rekstrareininga, ii) endurskipuleggja og selja rekstrareiningar, iii) loka rekstrareiningum. Enn fremur hefur skilanevnd skipað skilanevndarmeðlimi eða aðra fulltrúa skilanevndar til að taka við skyldum fyrri fulltrúa Bankans í þeim félögum þar sem Bankinn hefur virk yfirráð.

Stefnumótun varðandi Bankann. Skilanevnd leggur áherslu á að finna bestu málalyktir fyrir alla hagsmunaðila, innan raunhæfs tímaramma, og að koma endanlegum verðmætum til kröfuhafa.

Næstu tveir millikaflar fjalla um núverandi stöðu dótturfélaga og útibúa Bankans.

3.4 Núverandi staða á dótturfélögum Bankans

Erlend dótturfélög Bankans og útibú dótturfélaga bera beina ábyrgð á þeim innlánnum sem lögð voru inn hjá þeim. Þessi félög heyra ekki undir íslenska löggjöf. Réttindi innstæðueigenda varðandi innlán hjá dótturfélagi Bankans eða útibúi dótturfélags fer eftir lögum og reglum sem gilda um viðeigandi félag.

FIH er dótturfélag sem er að fullu í eigu Bankans. *FIH* er danskur fyrirtækja- og fjárfestingabanki sem veitir heildstæða þjónustu á því sviði og sérhæfir sig í lánveitingum til danskra fyrirtækja. Félagið var yfirtekið af Bankanum árið 2004. Félagið er starfhæft og er ekki lengur í söluferli. Bankinn er eini hluthafi *FIH* og tveir fulltrúar skilanevndar eiga sæti í stjórn félagsins. Seðlabanki Íslands hefur tekið hlutabréf Bankans í félaginu að veði gegn láni að upphæð 500 milljón evrur. Stjórn *FIH* hefur sett upp áætlun til að aðlaga og sniða framtíðarstarfsemi *FIH* að núverandi markaðsaðstæðum í fjármálaheiminum. Hluti af þessari aðlögun felst í því að *FIH* hefur nú lokað deildum sem sinntu hlutabréfaviðskiptum, greiningum og einkabankþjónustu. Ekki var gert ráð fyrir því að þessar deildir myndu skila *FIH* jákvæðri arðsemi hvorki til skamms tíma lítið né ef lítið væri til nánustu framtíðar. Í framtíðinni mun *FIH* leggja áherslu á kjarnastarfsemi: lán til fyrirtækja, þar sem einnig er nýtt þjónusta tveggja ráðgjafardeilda: fyrirtækjaráðgjafar (*FIH Partners*) og fjármálalausna (ráðgjöf í tengslum við stefnumótaða áhættustýringu og skuldastýringu). Skilanevndin hefur ávallt verið þeirrar skoðunar að ekki ætti að selja félagið við ríkjandi markaðsaðstæður þar sem núverandi söluverð myndi ekki endurspegla virði framtíðarvirði félagsins þegar markaðurinn tekur við sér að nýju.

Nánari upplýsingar um félagið eru á www.fih.dk.

Kaupthing Bank Sweden er dótturfélag sem er að fullu í eigu Bankans. Í kjölfar opunar útibús Bankans í Stokkhólmi í september árið 2000 tók Bankinn yfir bæði sænska verðbréfafyrirtækið *Aragon* og *JP Nordiska Bank* árið 2002. *Kaupthing* í Svíþjóð bauð upp á heildstæða fjármálaþjónustu til stofnanafjórðinga, félaga og einstaklinga. Í þessu fólst fyrirtækjaþjónusta, fjárfestingarbankaþjónusta, markaðsviðskipti, eignastýring og yfirgripsmikil einkabankaþjónusta.

Eftir 9. október 2008 var félagið enn starfhæft með stuðningi sænskra yfirvalda. Hefði skilanevndin ekki átt samstarf við sænska seðlabankann og sænska fjármálaeftirlitið hefði það verið lagt niður. *Kaupthing Pension Consulting* og *Kaupthing Finans* voru seld haustið 2008, enda var rekstur þeirra ekki hluti af kjarnastarfsemi *Kaupþings* í Svíþjóð og síðarnefnda félagið hefði þurft viðvarandi stuðning í formi viðbótarfjármögnunar. Í lok marsmánaðar gekk skilanevnd frá samningum við *Ålandsbanken Abp* um að hinn síðarnefndi yfirtæki einkabankaþjónustu, markaðsviðskipti og eignastýringu frá *Kaupþingi* í Svíþjóð.

Skilanevnd telur viðskiptin við *Ålandsbanken* sanngjörn fyrir Bankann þar sem söluverðið sé ásættanlegt og geri *Kaupthing Bank Svíþjóð* kleift að greiða að fullu vikið lán til Bankans og rúmlega helming hlutafjárframlags Bankans. Þessi viðskipti losa einnig um lausafé hjá Bankanum þar sem sænski seðlabankinn endurgreiddi Bankanum um 2 milljarða sænskra króna sem frystir voru á reikningum hans, sem og íslensk ríkisskuldabréf að virði 9,5 milljarða íslenskra króna. Auk þessa mun Bankinn ekki þurfa

að endurfjármagna framtíðarstarfsemi dótturfélagsins. Veruleg fjármögnunarpörf var vegna einkabankastarfsemi, eignastýringar og markaðsviðskipta dótturfélagsins fyrir árið 2009 sem samræmist ekki vel núverandi stöðu Bankans. Fyrirtækjalánasafnið og ýmis önnur lán voru færð yfir til Bankans. Þessar eignir falla vel inn í þann eignasjóð sem Bankinn hefur nú yfir að ráða. Lánasafnið myndaði meirihluta eignanna í Svíþjóð.

Innlán Kaupþings í Svíþjóð hafa verið greidd út til innstæðueigenda. Endurgreiðslan var fjármögnuð með láni frá sænska seðlabankanum en vegna ofangreindrar sölu til Álandsbanken var hægt að endurgreiða lánið strax. Sænski seðlabankinn veitti þetta lán í byrjun október 2008 til að Kaupthing Bank Svíþjóð gæti greitt innstæðueigendum innlán sín. Sænski seðlabankinn var afar samvinnuþýður en endurgreiða þurfti lánið eins fljótt og unnt væri.

Hefði félagið ekki verið selt er hætt við að einungis hefði verið hægt að endurgreiða þau innlán sem þegar höfðu verið greidd og ef til vill lán sænska seðlabankans. En með þessu móti gat Bankinn greitt lán sænska seðlabankans og jafnframt fékkst forræði yfir nokkuð stóru lánasafni sem var áður í eigu dótturfélagsins. Ef félagið hefði farið í gjaldprot er líklegt að endurheimtir vegna víkjandi lánsins hefðu orðið litlar, hlutféð í dótturfélaginu orðið verðlaust og óvíst hversu mikið af eignum hefðu skilað sér til baka frá sænska seðlabankanum. Vegna þessara viðskipta tókst að endurheimta eignir sem nema um 800 milljónum evra að nafnvirði.

Nánari upplýsingar um félagið eru á www.kaupthing.se.

KSF er dótturfélag sem er að fullu í eigu Bankans. Bankinn tók félagið yfir árið 2005. KSF var virtur banki í Bretlandi sem bauð upp á heildstæða fjármálaþjónustu fyrir fyrirtæki, stofnanafjórfa og einstaklinga. Í þessu fólst fyrirtækjaþjónusta, fjárfestingabankaþjónusta, fjárstýringarþjónusta, og yfirgripsmikil einkabankaþjónusta.

Þann 8. október 2008 var KSF sett í greiðslustöðvun (e. administration) og Maggie Mills, Tom Burton, Alan Bloom og Patrick Brazzill frá Ernst & Young í Bretlandi voru skipuð umsjónaraðilar í greiðslustöðvun. Breska fjármálaráðuneytið flutti Kaupthing EDGE UK yfir til ING Group og síðar sama dag setti breska fjármálaeftirlitið félagið í greiðslustöðvun.

Nánari upplýsingar um félagið eru á vefsíðu umsjónarmanna í greiðslustöðvun, www.kaupthingsingers.co.uk.

Kaupthing Singer & Friedlander (Isle of Man) Limited er dótturfélag sem er að fullu í eigu Bankans. Félagið stundaði hefðbundna bankastarfsemi sem og eignastýringarstarfsemi fyrir breiðan hóp fyrirtækja og einstaklinga.

Miðvikudaginn 27. maí 2009 úrskurðaði dómstóll á eyjunni Mön að félagið skyldi tekið tilgjaldprotaskipta. Michael Simpson frá PricewaterhouseCoopers og Peter Spratt frá PricewaterhouseCoopers (London) voru í sameiningu skipaðir skiptastjórar yfir búinu.

Nánari upplýsingar um félagið eru á vefsíðu umsjónarmanna í greiðslustöðvun, www.kaupthingsingers.co.uk.

Kaupthing Bank Luxembourg ("KT Lux") er dótturfélag sem er að fullu í eigu Bankans. *Kaupthing Bank Belgium* er útibú frá KT Lux. KT Lux bauð einkum upp einkabankaþjónustu, sem fól í sér eignastýringu, verðbréfamiðlun, útgáfu kreditkorta og stofnun og umsýslu eignarhaldsfélaga, auk þess sem boðið var upp á almenna innlánsreikninga og lán.

Þann 9. október 2008 sótti stjórn KT Lux um greiðslustöðvun (e. suspension of payments status) hjá viðskiptahéraðsdómi í Lúxemborg. Dómstóllinn féllst á ósk KT Lux og fól umsjónarmönnum í greiðslustöðvun að hafa eftirlit með stjórnun bankans. Dómstóllinn tilnefndi Emmanuelle Caruel-Henniaux og Franz Fayot fyrir hönd PricewaterhouseCoopers Luxembourg til þess hafa umsjón með greiðslustöðvuninni. Þessi ákvörðun nær einnig til útibús KT Lux í Belgíu.

Nánari upplýsingar um félagið eru á vefsíðu umsjónarmann í greiðslustöðvun, www.kaupthing.lu.

Kaupthing Bank Luxembourg, Geneva Branch er útibú KT Lux. Aðalstarfsemi útibúsins fólst í einkabankaþjónustu og eignastýringu fyrir einstaklinga og stofnanafjórðing, auk þess sem boðið var upp á ráðgjöf í tengslum við óhefðbundnar fjárfestingar fyrir fagfjórðing. Félagið er í gjaldþrotameðferð og allar eignir þess hafa verið frystar. Innlánaeigendur hafa nú fengið greiddan hluta innlána sinna í samræmi við innlánaþryggingu svissneskra banka og verðbréfamíðlara.

Nánari upplýsingar um félagið eru á vefsíðu umsjónarmanns í greiðslustöðvun, www.kaupthing-geneva.ch.

Kaupthing Bank US er dótturfélag sem er að fullu í eigu Bankans og var stofnað árið 2000. Aðalstarfsemi félagsins sneri að verðbréfamíðlun og fjárfestingarbankastarfsemi. Verið er að vinna í því að loka félaginu.

Dótturfélagi Bankans í Japan hefur verið lokað
Dótturfélag Bankans í Hong Kong er í gjaldþrotaskiptameðferð.

3.5 Núverandi staða á útibúum Bankans

Samkvæmt neyðarlögunum eru innlán einstaklinga og fyrirtækja hjá íslenskum fjármálafyrirtækjum forgangskröfur. Skilanefnd Bankans gerir ráð fyrir því að Bankinn muni geta endurgreitt þau innlán sem skilgreind hafa verið sem forgangskröfur, innlán til móðurfélags Bankans og útibúa sem tilheyra móðurfélaginu.

Kaupthing EDGE Austria er útibú Bankans. Það var stofnað árið 2008 og bauð upp á samkeppnishæfar lausnir fyrir innlánaeigendur. Innlánaeigendur hafa nú fengið endurgreitt. Verið er að loka þessu útibúi.

Kaupthing Bank Finland var útibú Bankans. Útibúið bauð upp á víðtæka fjárfestingarbankaþjónustu til fyrirtækja, stofnana og vel stæðra einstaklinga. Í kjölfar þess að skilanefndin var skipuð tók fjármálaeftirlitið í Finnlandi yfir stjórn útibúsins þann 9. október 2008.

Nokkrum dögum síðar tókst skilanefndinni að koma í veg fyrir að útibúið yrði sett í greiðslustöðvun og að eignir þess yrðu settar á brunaútsölu til að vernda eignasafn Bankans. Í samstarfi við finnsk stjórnvöld samdi skilanefndin um lán til útibúsins frá þremur viðskiptabönkum í Finnlandi sem var að hluta til með ábyrgð finnska ríkisins. Þannig gat útibúið endurgreitt innlán. Tilteknar eignir Kaupþings í Finnlandi voru veðsettar til tryggingar láninu. Eignastýringarhluti útibúsins hefur nú verið seldur, sem og hluti lánasafnsins. Það sem eftir stendur af lánasafninu hefur verið flutt til Bankans á Íslandi og því er nú stýrt af sérfræðingum á eignastýringarsviði. Útibúinu var lokað í lok janúar. Ef útibúið hefði verið sett í greiðslustöðvun hefðu eignir þess verið seldar til að hægt væri að greiða innstæðueigendum og ekki er líklegt að nokkrar eignir hefðu verið fluttar til Bankans á Íslandi. Skilanefnd telur að þetta hafi verið besta lausnin fyrir Bankann, því með þessu móti var komið í veg fyrir hugsanlega brunaútsölu á eignum og þess í stað tókst að endurheimta eignir að nafnvirði um 107 milljónir evra.

Kaupthing EDGE Germany er útibú Bankans. Það var stofnað árið 2008 og bauð upp á samkeppnishæfar lausnir fyrir innstæðueigendur. Starfsemin var stöðvuð af þýskum yfirvöldum og eignir

útibúsins kyrrsettar af þýska fjármálaeftirlitinu, Bafin. Hinn 22. júní 2009 aflétti BaFin kyrrsetningunni á bankann.

Frá upphafi hefur Kaupþing banki stefnt að því að endurgreiða allar forgangskröfur eins fljótt og mögulegt er og hefur lagt mikla áherslu á að gera upp kröfur við innstæðueigendur hjá útibúinu í Þýskalandi. Bankinn í samvinnu við þýsk yfirvöld hefur lagt gríðarlega vinnu í að tryggja örugga endurgreiðslu til viðskiptavina Bankans.

Bankinn tilkynnti um miðjan apríl að nægt fjármagn væri fyrir hendi til að greiða út allar innstæður Edge í Þýskalandi. Um miðjan maí var ljóst að endurgreiðsluferlið gæti hafist og rúmlega 34.000 innstæðueigendum Bankans í Þýskalandi var sent bréf frá Íslandi.

Hinn 22. júní hófust endurgreiðslur þegar Kaupþing banki sendi greiðslufyrirmæli til þýskrar fjármálastofnunar um að endurgreiða innstæður um 20.000 viðskiptavina. Af tæknilegum ástæðum er endurgreiðsluferlið tekið í skrefum sem þýðir að innstæðueigendur fengu ekki endurgreitt allir á sama tíma. [Endurgreiðsluferlið hefur gengið vel. Hinn 17. júlí höfðu 33.530 Edge innstæðueigendur þegar fengið greitt en um 800 voru eftir sem skýrist af því að staðfestingar hafa ekki borist frá þeim eða upplýsingar eru ekki réttar. Heildargreiðslur til innstæðueigenda námu þá 320 milljónum evra eða u.þ.b. 57 milljörðum króna.](#)

Höfuðstóll innstæðna var greiddur að fullu. Þeir innstæðueigendur sem hyggjast lýsa kröfu vegna vaxta geta nú gert það þar sem formlegt kröfulýsingaferli er hafið. Kröfulýsingaferlið hefur verið auglýst og frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu Kaupþings: www.kaupthing.com.

Þegar þessi endurgreiðsla hefur farið fram mun Kaupþing banki hafa endurgreitt öll innlán sem skilgreind voru sem forgangskröfur skv. íslenskum lögum, það er öll innlán í erlendum útibúum móðurfélagsins.

DZ Bank AG, sem var skipaður sem greiðslufulltrúi fyrir viðskiptavini útibúsins, lagði hald á 55 milljónir evra sem Kaupþing banki telur að hefði átt að nota til að endurgreiða sparifjáreigendum. Allt bendir til að þetta mál þurfi að leysa fyrir dómi en það hefur ekki áhrif á þá ákvörðun bankans að greiða út öll innlán útibúsins í Þýskalandi.

Kaupthing Bank Norway er útibú Bankans. Starfsemi Bankans hófst í Noregi árið 2003, þegar Bankinn eignaðist eignastýringarfélagið Tyren Holding AS. Útibúið bauð upp á víðtæka fjármálaþjónustu, þar með talið eignastýringu, í sér félagi, og einkabankþjónustu fyrir vel stæða einstaklinga, fjárfestingarbankastarfsemi og markaðsviðskipti fyrir fyrirtæki, stofnanafjórfa og einstaklinga. Auk þess hafði útibúið hafið að veita viðskiptavinum sínum hefðbundna bankþjónustu, með því að bæta viðskiptabankþjónustu og fyrirtækjþjónustu við þjónustuúrvalið.

Þann 11. október 2008 fóru norsk stjórnvöld fram á kyrrsetningu eigna útibúsins og settu starfsemi þess og skyldra félaga í greiðslustöðvun. Með samvinnu við norsk stjórnvöld tókst skilanefndinni að koma í veg fyrir að eignir útibúsins yrðu seldar strax, en slíkt hefði að öðrum kosti verið gert til að hægt væri að greiða innláns höfum. Innstæðutryggingasjóður banka í Noregi hefur þess í stað endurgreitt innlán hjá útibúinu til innláns hafa. Í febrúar komust skilanefndin og umsjónaraðilar í greiðslustöðvun í Noregi að vinsamlegu samkomulagi um að losa eignir úr greiðslustöðvun í Noregi. Í kjölfar þess hefur meirihluti fyrirtækjalánasafnsins verið fluttur til Bankans á Íslandi og öðrum eignum bjargað frá yfirvofandi brunaútsölu. Með þessu samkomulagi hefur einnig verið komist hjá tímafrekum og mjög kostnaðarsömum samningaumræðum við umsjónaraðila í greiðslustöðvun, og skuldajöfnun í útibúinu. Ef skilanefndinni hefði ekki tekist að koma í veg fyrir að eignir útibúsins yrðu seldar strax hefði útibúið væntanlega aðeins getað endurgreitt hluta innlánanna og ekki hefði verið hægt að flytja neinar eignir til

móðurfélagsins. Niðurstaðan er sú að komið var í veg fyrir brunaútsölu og hægt var að endurheimta eignir að nafnvirði um 300 milljónir evra.

Kaupthing Bank Dubai & Qatar voru tvö útibú Bankans, eitt var í Dubai International Financial Centre og hitt var í Qatar Financial Center. Bæði útibúin voru stofnuð voru árið 2007. Þau lögðu áherslu á að sinna fyrirtækjaráðgjöf á svæðinu sem og að útvega þjónustu á sviði einkabankastarfsemi. Útibúin hafa nú verið seld til fyrrum starfsmanna og rann söluandvirðið til Bankans.


3.6 Núverandi skipulag Kaupþings Banka

Skilanefnd er sammála kröfuhöfum um að hámarka beri verðmæti eigna Bankans og gerir sér ljóst að slíkt geti tekið langan tíma. Eins og þegar hefur verið rætt, er það eitt af aðalverkefnum skilanefndar að varðveita verðmæti eigna Bankans þar til þær hafa verið framseldar til kröfuhafa í einu eða öðru formi. Til að ná þessu markmiði þarf að vera til staðar nægileg sérþekking til að stýra eignunum og veita viðeigandi þjónustu. Vegna þessa hefur skilanefnd ráðið sérfræðinga til að stýra eignum Bankans, en eignasafnið telur meðal annars lánasafn, skuldabréf, hlutabréf, dótturfélög og útibú.

Greining á verkefnum skilanefndar, sem fjallað var um í kafla 3.3, var fyrsta skrefið í að gera vinnu skilanefndar og Bankans skilvirkari. Næsta skref í því ferli var að ráða sérfræðinga með viðeigandi þekkingu á eignastýringu og verkefnum skilanefndar.

Í dag starfar Bankann í raun sem eignastýringarfyrirtæki þar sem langtímamarkmið eru lykilatriði. Það er ljóst af samskiptum skilanefndar við kröfuhafa að aðalmarkmið þeirra er að endurheimt krafna verði sem best, en tímaramminn sé sveigjanlegur. Þegar fundist hefur viðeigandi lausn fyrir ráðstöfun eigna verða þær, eða andvirði þeirra, framselt til kröfuhafa.

Fjórar deildir hafa verið settar á lagginnar sem starfa undir stjórn skilanefndar og stýrir framkvæmdastjóri hverri deild og ber ábyrgð á störfum hennar.



Eignastýring

Eignastýringarsvið er stærsta svið Bankans. Í deildinni starfa 23 manns, flestir með mikla reynslu í fjárfestinga- og fyrirtækjabankastarfsemi með allt að 17 ára starfsreynslu frá þekktum alþjóðlegum fjármálastofnunum. Þar starfa sérfræðingar með ýmiss konar bakgrunn og reynslu á sviði fyrirtækjaráðgjafar, framtaksfjárfestinga fyrir fyrirtæki, skuldsettrar fjármögnunar, og endurskipulagningar ásamt hópi löglærðra sérfræðinga með víðtæka reynslu í bankaviðskiptum.

Sérfræðingarnir í eignastýringardeildinni stýra verkefnum innan deildarinnar með aðstoð utanaðkomandi ráðgjafa eftir þörfum. Leitað hefur verið til utanaðkomandi ráðgjafa í verkefnum á borð við fyrirtækjaráðgjöf, áreiðanleikakannanir, skattaáætlanir og verðmöt.

Hlutverk sviðsins er að verja og auka verðmæti eigna Bankans með það að markmiði að sem mest fáið upp í kröfur á hendur bankanum. Þetta er gert m.a. með því: að stýra hverri eign á virkan hátt, að hanna sjóðsstreymisáætlanir fyrir lánasafn Bankans sem er uppfært reglulega, að leggja mat á fjármagnspörf eignasafns Bankans og möguleika Bankans á að standa undir fjármögnun eignsafnsins.

Markmið sviðsins er að verja og styðja eignasafn Bankans, auka verðmæti þess og koma í veg fyrir „brunaútsölu“ eigna. Eignasafni Bankans er ætlað að standa undir fjármögnunarpörf og að afborganir af lánum verði nægar til þess að standa undir öðrum eignum. Enn fremur er gert ráð fyrir því að í núverandi rekstrarumhverfi muni þóknagreiðslur standa straum af kostnaði við rekstur eignastýringarsviðs.

Vinnu eignastýringarsviðs við varðveislu og háþörfun á virði eigna bankans á undanföllum mánuðum má skipta í fjögur skref. Í fyrsta lagi þurfti við hrun Bankans að standa vörð um eignir hans við hinar skyndilegu breytingar á stöðu mála og viðhalda verðmæti þeirra. Næsta skref var að loka útibúum og flytja eignir til Bankans á Íslandi. Sú aðgerð krafðist verulegs mannafla og mikillar vinnu þar sem lán rúmlega 50 lánahópa voru flutt til Íslands, og leysa þurfti flókin lagaleg atriði því samfara.

Þriðja skrefið var að taka saman yfirlit yfir eignirnar. Hver eign var skilgreind og ákveðin starfsmenn skipaðir sem ábyrgðaraðilar. Eignum var raðað í forgangsroð eftir stærð þeirra og mikilvægi. Í fjórða lagi er nú unnið að því að gera áætlun fyrir eignirnar með það að markmiði að kröfuhafar Kaupþings banka fái sem mest í sínar hendur.

Lögfræðiráðgjöf

Lögfræðiráðgjöf hefur það hlutverk að veita lögfræðipjónustu, hvort sem hún lýtur að eignastýringu eða verkefnum skilanefnda. Í deildinni starfar hópur sérfræðinga með víðtæka þekkingu á fjármálalöggjöf, íslenskum gjaldprotalögum og lagalegum atriðum varðandi skuldajöfnun. Sviðið hefur einnig umsjón með aðkeyptri lögfræðipjónustu á Íslandi og erlendis og er ætlað að hafa yfir að ráða viðeigandi þekkingu á öllum lagalegum atriðum varðandi samninga Bankans og tengda gerninga. Sviðið heldur einnig yfirlit yfir alla lögfræðilega gerninga, veitta þjónustu og kostnað við aðkeypta lögfræðipjónustu.

Fjármálasvið

Hlutverk fjármálasviðs er að hafa yfirumsjón með fjármálum Bankans. Sviðinu ber að annast alla þá þætti sem varða fjármál Bankans, í samræmi við þá stefnu sem fjárhagsnefndin mótar, þ.m.t. fjárhagsuppgjör, upplýsingagjöf og áætlanagerð. Sviðið vinnur einnig að því að fullmóta innri starfsferla og -aðferðir. Bakvinnslu og bókhaldsvinnu hefur verið útvistað til Nýja Kaupþings.

Kröfuhafasvið og lánastýring

Sviðið ber ábyrgð á samskiptum við kröfuhafa. Starfsmenn sviðsins annast samskipti við Morgan Stanley, fjármálaráðgjafa Bankans, og veitir því fyrirtæki þá aðstoð sem það þarf. Starfsmenn sviðsins skipuleggja einnig og undirbúa fundi, ráðstefnur, símafundir og minnisblöð fyrir kröfuhafanefndina og aðra kröfuhafa eftir þörfum. Einnig sjá starfsmenn um upplýsingasiðu fyrir kröfuhafa á netinu, www.kaupthing.com.

Lánastýring vinnur náið með eignastýringarsviði Bankans. Lánastýring greinir lánasöfn bankans, bæði í heild sinni og hvert fyrir sig. Slíkt inniheldur verkefni á borð við greiningu á undirliggjandi tryggingum, eftirlit með samningum, sjóðsstreymisáætlanir, greiningu á greiðslufallsáætlu o.s.frv.

Innri nefndir

Snemma árs voru stofnaðar fjórar starfsnefndir til að styrkja innviði og starfsemi Kaupþings Banka enn frekar. Þessar nefndir halda fundi minnst einu sinni í viku og starfa samkvæmt verklagsreglum að lausn ýmissa mála.

Eignanefndin annast það verksvið sem lánanefnd og fjárfestinganefnd gegna í hefðbundinni fjármálastofnun. Í henni eiga sæti tveir aðilar úr skilaneftndinni og þrír stjórnendur á eignastýringarsviði. Viðkomandi starfsmenn gera skriflega grein fyrir málum sem varða eignir Bankans, sem geta verið allt frá einföldum undanþágubeiðnum til beiðna um ráðstöfun eigna. Vilji eignanefndin samþykkja slíkar beiðnir er viðkomandi málum vísað til skilaneftndar sem tekur lokaákvæðanir.

Fjárhagsneftndin hefur yfirumsjón með starfsemi fjármálasviðs Bankans. Helsta hlutverk hennar er að útfæra stefnu fyrir fjármálasvið varðandi bókhald og fjárhagsuppgjör. Neftndin annast að mestu fjárhagslega upplýsingagjöf, bæði til skilaneftndarinnar og undirneftnda hennar. Fjárhagsneftndin tilgreinir þær reglur sem Bankanum ber að fylgja, bæði hvað varðar reikningshaldsreglur, alþjóðlega staðla og innri verkferla. Neftndin gerir fjárhagsáætlun og hefur eftirlit með því að henni sé fylgt. Neftndin sér einnig til þess að greiðslur skili sér og hefur umsjón með lausafjáravöxtun.

Eftirlitsneftndin sér um að yfirfara viðskipti sem skilaneftndin tilgreinir og undirbúa og hefja málsóknir gegn aðilum sem kunna að skulda Kaupþingi Banka vegna þessara viðskipta eða bera að öðrum kosti ábyrgð á hugsanlegu tapi Bankans vegna þessara viðskipta. Markmið skilaneftndarinnar í þessum málum er að leggja fram allar hugsanlegar kröfur sem Kaupþing kann að eiga gegn þriðja aðila í tengslum við hin tilteknu viðskipti, að meðtöldum kröfum sem upp koma vegna hugsanlegra eða meintra misgerða fyrrverandi stjórnenda eða þriðja aðila. Í þessari undirneftnd eiga sæti tveir meðlimir skilaneftndarinnar ásamt fyrrum innri endurskoðanda Kaupþings banka.

Neftndin annast einnig öll bréfaskipti og samskipti við rannsóknarneftnd Alþingis sem starfar skv. ákvæðum laga nr. 142/2008, FME og embætti sérstaks saksóknara sem starfar skv. ákvæðum laga nr. 135/2008.

Skuldajöfnunarneftndin sér um að undirbúa skuldajöfnunarmál, taka saman kröfur vegna afleiðusamninga og tengd mál. Skuldajöfnunarneftndin er skipuð einum aðila úr skilaneftndinni, einum úr slitastjórninni og einum starfsmanni Kaupþings. Neftndin var upphaflega stofnuð í febrúar en var endurskipulögð í byrjun júní eftir að slitastjórnin var skipuð. Nauðsynlegt er að slitastjórnin komi að skuldajöfnunarferlinu, þar sem hún sér um að meta allar kröfur á Bankann, þar með talið kröfur sem kynnu að vera notaðar til skuldajöfnunar. Verið er að taka saman kröfur vegna afleiðusamninga en engin skuldajöfnun hefur farið fram. Erfitt er að meta fjölda skuldajöfnunartilvika þar sem slík mál gætu komið upp þegar kröfuhafar lýsa kröfum sínum á hendur bankanum.

3.7 Upplýsingagjöf og samskipti við kröfuhafa

Til að bæta upplýsingagjöf og samskipti við hagsmunaaðila og almenning hefur skilaneftnd ráðið Helgu Björk Eiríksdóttur sem samskiptastjóra. Hlutverk samskiptastjóra er að móta stefnu í upplýsingagjöf, halda utan um samskipti við fjölmiðla og kynna hlutverk og starfsemi skilaneftndar og Bankans bæði á Íslandi og erlendis. Skilaneftndin hefur hug á að efla enn frekar upplýsingagjöf sína til að stuðla að meiri þekkingu og gagnsæi í störfum sínum.

Eins og þessi skýrsla sýnir glögg eru samskipti við erlenda kröfuhafa umfangsmikil og í reglulegum farvegi. Frá 9. október hafa verið haldnir fjórir fundir með óformlegum hópi kröfuhafa (ICC-neftndinni) til að kynna framgang mála og kalla eftir sjónarmiðum þeirra. Sá fimmti er fyrirhugaður fljótlega. Auk þess

eru haldnir vikulegir símafundir með óformlegum hópi kröfuhafa og ráðgjöfum skilanevndarinnar frá Morgan Stanley.

Heimasíðan www.kaupthing.com er gátt fyrir kröfuhafa, fjölmiðla, yfirvöld og aðra sem vilja fylgjast með þróun mála. Á síðunni er mögulegt að senda fyrirspurnir, fylgjast með nýjustu tilkynningum og uppfærslum og finna ítarlegar upplýsingar um stöðu mála og allt sem gerst hefur frá 9. október. [Nú hefur efni frá slitastjórn Kaupþings verið bætt inn á heimasíðuna, t.a.m. upplýsingar um kröfulýsingarferlið sem nú er hafið. Einnig hefur forsíðan verið endurskipulögð til að bæta aðgengi að síðunni enn frekar og gera notendum kleift að gerast áskrifendur að fréttum og uppfærslum á efni.](#) Frá því síðan var sett í loftið í október 2008 hafa [320.000](#) heimsótt hana og síðuflettingar eru ríflega [930.000](#) talsins.

Þessi ítarlega skýrsla fyrir kröfuhafa er uppfærð einu sinni í mánuði og að auki verður í framtíðinni birt samantekt á helstu atriðum sem eru uppfærð í skýrslunni. Fjölmargar fyrirspurnir berast á netfangið creditorcontact@kaupthing.com og germanhelpdesk@kaupthing.com á hverjum degi og er fyrirspurnum svarað eins hratt og mögulegt er. Frá því í nóvember á síðasta ári hefur meira en [5.500](#) fyrirspurnum verið svarað. [Þá hefur fjöldi kröfuhafa lýst óformlega yfir hagsmunum með skráningu á síðunni.](#)

4. Sala eigna og endurskipulagning

4.1 Almenn nálgun og forsendur

Eins og lýst er í síðasta kafla, hefur skilanefnd sett sér það markmið að vernda eignasafn Bankans. Skilanefnd áttar sig á því að litlar líkur eru á því að eignasala við núverandi markaðsaðstæður færi Bankanum ásættanlegt söluvirði fyrir eignir. Skilanefnd er því ákveðin í að styðja við eignir Bankans til að hámarka virði þeirra og hefur ekki hug á því að selja eignir á brunaútsölu.

Í einstaka tilfellum hefur skilanefnd þó selt erlendar eignir. Þessar eignasölur hafa fyrst og fremst komið til af öðru tveggja: i) staðbundnum heimildum stjórnvalda til að kyrrsetja eignir eða samningum sem hafa verið gerðir til að koma í veg fyrir kyrrsetningu ákveðinna eigna; eða ii) tilvikum þegar skilanefnd hefur metið verðtilboð vera ásættanleg að teknu tilliti til fjármögnunarþarfar eignanna til framtíðar.

Skilanefnd hefur með aðgerðum sínum tryggt að ákveðnar erlendar eignir voru ekki seldar á brunaútsölu með því að ná samkomulagi við stjórnvöld í þremur löndum, þar sem Bankinn átti rekstrareiningar í greiðslustöðvun, það er við sænsk, finnsk og norsk stjórnvöld. Viðkomandi samningar tryggja að þessi stjórnvöld munu ekki selja eignirnar á núverandi markaðsvirði en munu í staðinn stefna að því að selja eignirnar á hámarksverði síðar. Þessir samningar eru líklegir til þess að tryggja að hæsta hugsanlega verð fái fyrir eignirnar sem eykur líkur á því að tekjur vegna þessa munu renna til Bankans og þar af leiðandi hækka greiðslur til kröfuhafa.

4.2 Seldar eignir

Eftirfarandi eignir hafa verið seldar af Bankanum, fyrir hönd skilanefndar.

Kaupthing Bank Dubai and Qatar var fyrst og fremst eignastýringarfyrirtæki sem byggðist á mannauði og þóknunartekjum. Ljóst varð að það yrði kostnaðarsamt að loka einingunni og var því hagkvæmara að selja starfsmönnum útibúið á sanngjörnu verði. Útibúin hafa nú verið seld til fyrrum starfsmanna og kom söluandvirðið til Bankans.

Lán til bresks eignarhaldsfélags á sviði fasteigna var selt nokkrum vikum eftir fall Bankans. Þessi eign var auðseld og sanngjarnt verð fékkst fyrir hana. Bankann vantaði lausafé til að styðja við aðrar eignir, og þar sem tilboðið þótti sanngjarnt var því tekið.

20% hlutur í eignastýringarfyrirtækinu Drake Management var einnig seldur nokkrum vikum eftir fall Bankans. Þessi eign var auðseld og sanngjarnt verð fékkst fyrir hana. Bankann vantaði lausafé til að styðja við aðrar eignir, og þar sem tilboðið þótti sanngjarnt var því tekið.

Nú hafa nokkrar af þeim eignum sem fluttar voru til Kaupþings banka þegar Álandsbanken Abp yfirtók sænska dótturfélagið, fengist greiddar að fullu. Það þýðir að andvirði að upphæð 350 milljónir sænskra króna (33 milljónir evra) úr sænska lánasafninu hefur þegar verið tryggt. Enn fremur hafa tvö lán á Norðurlöndunum, samtals að upphæð 5,5 milljónir evra, verið endurheimt að fullu; annað eftir að nokkrum tilboðum undir nafnverði hafði verið hafnað.

Lán til bandaríks þrjónavörueildsala var selt á vormánuðum á verði sem var mun hærra en áætlað markaðsvirði. Félagið hefur átt undir högg að sækja og hefur afkoma félagsins verið langt undir áætlunum. Einnig hefur félagið brotið lánaskilmála og mjög líklegt var talið að greiðslufall yrði á lánunum

félagsins næsta haust. Viðskiptin voru framkvæmd að undangenginni áreiðanleikakönnun á fjárhag og rekstri fyrirtækisins. Könnunin var framkvæmd af óháðum ráðgjöfum fyrir hönd Kaupþings.

Eftirfarandi eignir hafa verið seldar frá útibúum Bankans.

Lán til norsks tækjaframleiðanda var selt til að endurgreiða tryggingasjóði norskra innistæðueigenda, sem greiddi innistæður sparifjáreigenda í útibúi Kaupþings í Noregi.

Eignastýringarhluti Kaupþings í Finnlandi og ákveðin útlán til viðskiptavina sem voru á efnahagsreikningi Kaupþings í Finnlandi voru seld til að endurgreiða lán frá finnskum stjórnvöldum.

Eftirfarandi eignir hafa verið seldar frá dótturfélögum Bankans, að því marki sem skilanefnd er kunnugt um.

Kaupþing í Svíþjóð hefur selt starfseiningu á sviði lífeyrisráðgjafar og dótturfélag sitt *Kaupþing Finans AB*, þar sem hvorug þessara eininga töldust til kjarnastarfsemi Kaupþings í Svíþjóð og hin síðarnefnda hefði þurft viðvarandi fjárhagsstuðning. Söluþekjur voru notaðar til að greiða hluta af láni sem sænski seðlabankinn veitti Kaupþingi í Svíþjóð 8. október.

Í lok marsmánaðar gekk skilanefndin frá viðskiptum við Álandsbanken Abp um að hinn síðarnefndi yfirtæki einkabankajónustu, markaðsviðskipti og eignastýringu Kaupþing Bank Sverige. Nánari upplýsingar um viðskiptin er að finna í kafla 3.4 *Núverandi staða á dótturfélögum Bankans*.

Nú hafa nokkrar af þeim eignum sem fluttar voru til Bankans þegar Álandsbanken Abp yfirtók sænska dótturfélagið, fengist greiddar að fullu. Það þýðir að andvirði að upphæð 350 milljónir sænskra króna (33 milljónir evra) úr sænska lánasafninu hefur þegar verið tryggt. Enn fremur hafa tvö lán á Norðurlöndunum, samtals að upphæð 5,5 milljónir evra, verið endurheimt að fullu; annað eftir að nokkrum tilboðum undir nafnverði hafði verið hafnað.

Samanlagt bókfært virði eigna sem seldar hafa verið af skilanefnd í frjálsri sölu af bankanum og útibúum hans nemur minna en 100 milljónum evra. Að auki hafa ákveðnar eignir verið seldar án vilja Bankans til þess að standa straum af endurgreiðslu innlána en þau eru forgangskröfur.

4.3 Endurskipulagning eigna

Skilanefnd er sammála kröfuhöfum um að hámarka beri verðmæti eigna Bankans og gerir sér ljóst að slíkt geti tekið langan tíma. Eignir eru aðeins seldar ef Bankinn ræður ekki við það að styðja við þær eða ef unnt er að fá viðunandi verð fyrir þær, að teknu tilliti til þeirrar fjármögnunar sem þarf til að viðhalda þeim til framtíðar. Aðrar eignir á að varðveita og verja þangað til markaðsaðstæður batna með tímabundnum stuðningi Bankans eftir því sem þörf krefur. Þannig ætti að vera tryggt að kröfuhafar fái hámarksverðmæti fyrir hverja eign sína síðar í ferlinu.

Bankinn hefur innleitt virka stjórnun til að tryggja að hann endurheimti sem mest af eignum sínum. Lánasafn Bankans samanstendur af yfir 100 lánaþópum og þann 15. nóvember 2008 voru útistandandi kröfur að nafnverði um 962 milljarðar íslenskra króna. Bankinn fylgist vel með nokkrum lántakendum á efnahagsreikningi sínum og vinnur að endurskipulagningu nokkurra hópa. Ef við á fær skilanefndin utanaðkomandi ráðgjafa til starfa til að tryggja faglega umfjöllun í öllum málum. Um er að ræða áðgjöf á sviði fjármála, lögfræði, fasteigna og endurskoðunar, eftir því hvers eðlis verkefnið er. Kostnaður vegna slíkrar ráðgjafar er í flestum tilvikum greiddur af viðkomandi lántakanda. Bankinn hefur yfirtekið stýrandi eignarhlut í fyrirtækjum og skipað stjórnarmenn þar sem þörf hefur kafið. Ef skuld í efnahagsreikningi Bankans þarfnast endurfjármögnunar eða skuldum er breytt í hlutafé verður málið tekið fyrir og slíkt

framkvæmt ef rökrétt þykir frá viðskiptalegu sjónarmiði. Fram til þessa hafa komið upp fáein mál þar sem nauðsynlegt hefur verið að endurfjármagna eða breyta skuldum í hlutfé til að vernda eignir. Samantektina hér að neðan um endurskipulagðar eignir má þó ekki taka sem fullnægjandi.

Mosaic Fashions.

Bankinn og fyrrum stjórnendur Mosaic Fashions hafa stofnað Aurora Fashions til að yfirtaka verslunarkeðjurnar Karen Millen, Coast, Warehouse og Oasis, sem allar voru áður í eigu Mosaic Fashions. Þeir umsjónaraðilar í greiðslustöðvun sem skipaðir voru yfir Mosaic Fashions seldu Dune hluta Shoe Studio við eignaskiptingu og Debenhams hluta af Principles. Virtir erlendir ráðgjafar, svo sem Deloitte, DLA Piper og BDO Stoy Hayward, veittu mikla aðstoð við þessa framkvæmd.

Frá haustinu 2008 hafa tekjur Mosaic Fashions rýrnað mjög vegna samdráttar í Bretlandi og félagið hefur átt í fjárhagserfiðleikum vegna efnahagsreiknings síns. Mosaic Fashion sá því fram á lausafjárskort og fór fram á fjármagn í reksturinn. Skilanefndin hafnaði þeirri beiðni á þeim forsendum að slíkt væri aðeins tímabundin lausn fyrir félagið þar sem viðskiptalíkan þess gengi ekki upp.

Eftir tilraunir til að endurskipuleggja reksturinn í samráði við lykilaðila, ákvað stjórn félagsins á fundi þann 1. mars 2009 að fara fram á að félagið yrði sett í greiðslustöðvun. Slíkt var nauðsynlegt þar sem ljóst virtist að félagið gæti ekki staðið við skuldbindingar sínar gagnvart kröfuhöfum. Tilraunir til að endurskipuleggja reksturinn til að tryggja áframhaldandi starfsemi höfðu mistekist.

Aurora Fashions er nú fjárhagslega traust félag, hóflega skuldsett, með litla fjármagnsþörf og ætti að geta staðið sig á markaðnum. Hið nýja skipulag mun efla þessi vörumerki með því að draga úr skuldsetningu, leggja meiri áherslu á reksturinn, auka lausafé og gera rekstrarkostnað sveigjanlegri með því að lækka fastan kostnað. Þessar ráðstafanir hafa heppnast vel. Í framhaldinu er markmiðið að auka enn stöðugleika starfseminnar, halda áfram að draga úr skuldum, en reyna jafnframt að viðhalda væntu virði félagsins, ef og þegar markaðurinn nær sér á strik. Skilanefndin er þess fullviss að Bankinn mun endurheimta verulegar upphæðir þegar þessar aðgerðir félagsins fara að skila árangri.

Bankanum tókst að tryggja framtíð verðmætustu vörumerkja Mosaic í því skyni að vernda stöðu sína, en hann hefði ekki endurheimt mikið af kröfum sínum ef félagið hefði farið í gjaldþrot.

All Saints.

Bankinn hefur komist að vinsamlegu samkomulagi við stærstu hluthafa bresku verslunarkeðjunnar All Saints, sem vilja styrkja stöðu félagsins sem leiðandi vörumerki á breskum markaði. Samkomulagið virðist vera velheppnuð lausn samkvæmt því fjármagni sem breskur dómur úrskurðaði nýlega að renna skyldi til Kaupþings og viðkomandi aðilar líta björtum augum til áframhaldandi samstarfs.

All Saints var stofnað árið 1994 og árið 2003 keypti Kevin Stanford félagið þegar velta þess var innan við 5 milljónir breskra punda. Síðan þá hefur félaginu verið umbreytt í vörumerki sem hefur sterka stöðu á öllum helstu verslunargötum Bretlands. Félagið hefur vaxið mjög mikið, bæði aukið tekjur sínar og sýnt umtalsverða hagnaðaraukningu á milli ára (e. like-for-like performance) við mjög erfiðar markaðsaðstæður. Núverandi stjórnendur All Saints, með Kevin Stanford í forystu sem stjórnarformann og Stephen Craig sem forstjóra, munu halda áfram að efla rekstur félagsins. Bankinn telur það eiga góða möguleika þrátt fyrir erfiðar aðstæður á smásölumarkaði í Bretlandi. Þetta samkomulag eyðir allri óvissu um eignarhald félagsins og gerir því kleift að halda áfram að vaxa og dafna.

Fyrrum lóð Middlesex Hospital.

Kaupþing á sem stendur í viðræðum við Stanhope PLC, sem er eitt fremsta fasteignapróunarfélag Bretlands, um framþróun lóðarinnar þar sem Middlesex Hospital stóð. Náist samkomulag mun Stanhope hafa umsjón með þróun, hönnun og endurskipulagningu lóðarinnar með það að markmiði að hámarka verðmæti hennar. Ef af verður mun Stanhope einnig leggja fram nýtt fjármagn í verkefnið. Enginn samningur hefur enn verið undirritaður en skilanefnd Kaupþings Banka vill taka skýrt fram að lóðin hefur

ekki verið seld og náist samstarfssamningur við Stanhope þá muni bankinn eiga ráðandi hlut í lóðinni. Þetta er í samræmi við stefnu skilaneftdar um að hámarka verðmæti eigna bankans.

Huurre Group Oy

Bankinn studdi ákvörðun um meiri háttar endurskipulagningu á Huurre Group Oy, leiðandi kælitæknifyrirtæki í Norður Evrópu með höfuðstöðvar í Finnlandi, til að styrkja fjárhagslega stöðu félagsins í yfirstandandi efnahagslægd. Endurskipulagningin hefur leitt til þess að eiginfjárlutfall félagsins hefur batnað til muna. Samtímis hafa lán félagsins verið framlengd og lokagjalddagi færður aftur um þrjú ár sem tryggir fjármögnun félagsins til miðs árs 2012. Í kjölfar endurskipulagningarinnar er fyrirtækið 100% í eigu Kaupþings banka.

5. Greining fjárhagslegra upplýsinga

5.1 Skipting Bankans og Nýja Kaupþings

Þann 6. október 2008 voru samþykkt neyðarlög á Alþingi sem heimiluðu FME að grípa til sérstakra ráðstafana og taka yfir rekstur fjármálafyrirtækja með það að markmiði að bregðast við óvenjulegum aðstæðum á íslenska fjármálamarkaðnum. Í samræmi við framangreind lög tilnefndi FME skilanefnd til að fara með rekstur Kaupþings Banka hf. þann 9. október 2008. Þann 21. október 2008 gaf FME út ákvörðun *Fjármálaeftirlitsins* um ráðstöfun eigna og skulda Kaupþings banka hf. til Nýja Kaupþings banka hf., sem er í eigu íslenskra stjórnvalda. FME greip til þessara ráðstafana til að tryggja áframhaldandi starfsemi Banka og greiðslumiðlunar í landinu.

Samkvæmt ákvörðun FME tekur Nýja Kaupþing yfir öll innlán Kaupþings og jafnframt megnið af eignum Kaupþings sem tengjast starfseminni á Íslandi, svo sem lán og aðrar kröfur. Aðrar eignir og skuldir verða áfram í Kaupþingi sem verður undir stjórn skilanefndar. Sem endurgreiðslu ákvað FME að Nýja Kaupþing gæfi út skuldabréf til Kaupþings sem jafngildi mismuni eigna og skulda á gangvirði. Í nýlegri yfirlýsingu frá FME segir að önnur lausn kunni að verða fundin fyrir hvern banka og að aðrir fjármálagerningar en skuldabréf komi til greina sem greiðsla frá Nýja Kaupþingi til Bankans sem sanngjart verð fyrir hreinar eignir sem fluttar voru til Nýja Kaupþings.

PWC hefur gefið út bráðabirgðayfirlit yfir hreina eign Nýja Kaupþings við stofnun og framkvæmt mat á þeim eignum sem eftir standa í Kaupþingi. Allar útgefnar upplýsingar um efnahag Kaupþings og Nýja Kaupþings skal fara með sem bráðabirgðaupplýsingar sem geta tekið breytingum í þessu ferli.

FME réði Deloitte til að framkvæma óháð mat á hreinni eign Nýja Kaupþings og Oliver Wyman til að samræma matsferlið og endurskoða matið. Mat Deloitte á hreinum eignum og endurskoðun Oliver Wyman tók lengri tíma en áætlað var í upphafi en lauk í lok apríl 2009.

PWC hefur endurskoðað eignaflutning Bankans til Nýja Kaupþings til að tryggja að hann hafi farið fram í fullu samræmi við ákvörðun FME um ráðstöfun eigna og skulda. Endurskoðun PWC er lokið og niðurstaðan er sú að nokkrar eignir sem fluttar voru yfir til Nýja Kaupþings hefðu átt að vera um kyrrt í Bankanum. Þetta hefur nú verið leiðrétt og þessar eignir munu stækka fyrirtækjalánasafn Bankans. Þess ber að geta að allt sjóðsstreymi til og frá viðkomandi eignum, síðan ákvörðun FME um ráðstöfun eigna og skulda var tekin, verður tekið saman og leiðrétt á milli bankanna.

Skilanefndin styður þessar breytingar þar sem þær eru í fullu samræmi við ákvörðun FME og telur að gæði þessara eigna séu yfir meðallagi í eignasafni Bankans.

Eignir á bókfærðu virði að upphæð 190 milljarðar íslenskra króna voru fluttar til baka, þar af var andvirði um 90 milljarða óveðsett. Þessar eignir koma kröfuhöfum til góða og munu hafa mikil áhrif á fjármálagerninginn milli Kaupþings og Nýja Kaupþings. Skuldarnar sem tengdust veðsettu eignunum voru áfram í Kaupþingi Banka samkvæmt bráðabirgðaefnahagsreikningi hans.

Núverandi mat á efnahag Nýja Kaupþings og þróun hans miðað við framangreint, burtséð frá endurskoðun PWC á flutningi eignanna, má sjá í meðfylgjandi yfirliti.

Eignir	Bókfært verð eigna yfirfærðar til Nýja Kaupþings 22.10.2008	Bráðabirgða aðlögun að gangvirði	Nýi Kaupþing fyrir innborgað hlutafé og útgáfu skuldabréfs	Útgefið skuldabréf og innborgað hlutafé	Opnunar- efnahagsreikningur Nýja Kaupþings (áætlun) 22.10.2008
Sjóður og sjóðsinnstæður hjá Seðlabönkum	2		2	75	77
Kröfur á lánastofnanir	47	(20)	27		27
Lán til viðskiptavina	1.410		1.410		1.410
Afskriftareikningur útlána	(19)	(935)	(954)		(954)
Skuldabréf	44		44		44
Hlutabréf og hlutdeildarskírteini	22		22		22
Fjárfestingar í hlutdeildarfélagum	9		9		9
Fjárfestingar í dótturfélögum	12		12		12
Fjárfestingareignir, fasteignir og aðrir rekstrarfjármunir	9		9		9
Aðrar eignir	44		44		44
Eignir samtals	1.580	(955)	625	75	700
Skuldir					
Innlán lánastofnana	78		78		78
Innlán viðskiptamanna	339		339		339
Lántaka					
Aðrar skuldir	34		34		34
Skuldabréf útgefið af Nýja Kaupþingi				174	174
Skuldir samtals	451		451	174	625
Eigið fé					
Eigið fé hluthafa				75	75
Annað eigið fé	1129	(955)	174	(174)	
Eigið fé samtals	1129	(955)	174	(99)	75
Skuldir og eigið fé samtals	1580	(955)	625	75	700
Myntgengi (EUR/ISK)	150,245	150,245	150,245	150,245	150,245

Skilanefnd Kaupþings, í samráði við Morgan Stanley og fulltrúa kröfuhafa, hefur staðið í samningaviðræðum við stjórnvöld í júní og júlí um ráðstöfun eigna og skulda sem færðar voru til Nýja Kaupþings í október 2008. Í ljósi beiðnar FME um að ákvörðun um endurgreiðslu vegna flutnings eigna og skulda í Nýja Kaupþing skuli liggja fyrir þann 17. júlí 2009 og þrýstings frá AGS að endurskipulagningu íslensks bankakerfis verði lokið sem fyrst, voru íslensk stjórnvöld ákveðin í því að komast að samkomulagi á réttum tíma og klára fjármögnun íslensku bankanna sem allra fyrst. Skilanefnd Kaupþings undirritaði rammasamkomulag við stjórnvöld þann 17. júlí 2009.

Nánari upplýsingar um samkomulagið er að finna í kafla 7.4 Samkomulag um fjármögnun, endurgjald og ferli.

5.2 Efnahagsreikningur Kaupþings

Fjárhagslegar upplýsingar sem fram koma í næstu þremur köflum eru miðaðar við 15. nóvember 2008 en það er sá dagur sem aðstoðarmanni skuldara við greiðslustöðvun bar að miða við í yfirlitum um fjárhagslega stöðu Kaupþings samkvæmt lögum nr. 21/1991 um gjaldprotaskipti o.fl. á kröfuhafafundi sem haldinn var 5. febrúar 2009.

Lesendum er bent á fyrirvara í upphafi skýrslunnar og í lok hennar.

Meðfylgjandi er efnahagur Kaupþings á bókfærðu virði þann 15. nóvember 2008. Samanburðartölur eru sýndar fyrir 30. júní til að einfalda samanburð við síðasta endurskoðaða uppgjörið. Frekari umfjöllun um skýringar má finna í næsta kafla, 5.3 Nánari sundurliðun á efnahagsreikningi Kaupþings.

Eignir	Skýr.		
Sjóður og sjóðsinnstæður hjá Seðlabönkum		4.012	11.591
Kröfur á lánastofnanir	1	235.300	901.441
Lán til viðskiptavina	2	962.788	1.665.889
Skuldabréf útgefið af Nýja Kaupþingi	3	173.761	
Skuldabréf	4	299.562	241.872
Hlutabréf og hlutdeildarskírteini	5	184.998	199.841
Afleiðusamningar	6	347.162	135.766
Afleiðusamningar til áhættuvarnar			20.432
Fjárfestingar í hlutdeildarfélagum	7	69.611	106.580
Fjárfestingar í dótturfélagum	8	533.428	385.529
Óefnislegar eignir			50.001
Fasteignir og aðrir fastafjármunir		628	9.120
Skatteign	9	2.519	1.453
Aðrar eignir	10	148.611	48.531
Eignir samtals		<u>2.962.380</u>	<u>3.778.046</u>
Skuldir			
Innlán lánastofnana		9.001	143.787
Innlán viðskiptamanna	11	96.104	496.086
Fjárskuldir á gangverði	12	148.384	111.701
Lántaka	13	2.867.206	2.284.341
Víkjandi lán	14	456.707	292.925
Skattskuldir		150	55
Aðrar skuldir	15	191.996	24.945
Skuldir samtals		<u>3.769.548</u>	<u>3.353.840</u>
Eigið fé			
Hlutfé		7.270	7.187
Yfirverðsreikningur		136.591	148.362
Varasjóðir		132.241	61.196
Ójafnað tap / óráðstafað eigið fé		(1.083.270)	207.461
Eigið fé samtals		<u>(807.168)</u>	<u>424.206</u>
Skuldir og eigið fé samtals		<u>2.962.380</u>	<u>3.778.046</u>
Myntgengi (EUR/ISK)		171,077	124,390

5.3 Nánari sundurliðun á efnahagsreikningi Kaupþings

Allar upphæðir í ISKm

Skýring 1. Kröfur á lánastofnanir

Kröfur á lánastofnanir eftir tegund útlána:	Veðsett	Óveðsett	Samtals
Peningamarkaðslán		14.239	14.239
Bankareikningar		167.998	167.998
Bankareikningar hjá dótturfélögum	27.184		27.184
Viðskiptastaða við dótturfélög		25.879	25.879
Kröfur á lánastofnanir	27.184	208.116	235.300

Skýring 2. Útlán til viðskiptavina

a. Útlán til viðskiptavina eftir tegund útlána:	Veðsett	Óveðsett	Samtals
Víkjandi lán		4.333	4.333
Önnur lán		958.455	958.455
Útlán til viðskiptavina		962.788	962.788
b. Útlán til viðskiptavina eftir atvinnugreinum:			
Einstaklingar			24.272
Eignarhaldsfélög			345.938
Iðnaður			186.758
Fasteignaverkefni			157.809
Þjónusta			136.185
Smásala			111.825
Útlán til viðskiptavina			962.788
c. Útlán til viðskiptavina, skipt eftir landsvæðum:			
Bretland			661.067
Skandinavía			122.681
Lúxemborg			83.415
Önnur lönd			95.624
Útlán til viðskiptavina			962.788
d. Útlán til viðskiptavina, skipt eftir myntum:			
GBP			524.719
USD			224.330
EUR			144.418
Aðrar myntir			69.321
Útlán til viðskiptavina			962.788
e. 10 stærstu útlán til viðskiptavina - land / atvinnugrein			
Bretland / Þjónusta			85.251
Bretland / Smásala			72.834
Bretland / Iðnaður			60.351
Bretland / Smásala			59.486
Lúxemborg / Eignarhaldsfélög			43.200
Bretland / Einstaklingar			50.488
Bretland / Fasteignaverkefni			42.065
Bretland / Eignarhaldsfélög			41.200
Bretland / Eignarhaldsfélög			31.422
Bretland / Eignarhaldsfélög			26.663
10 stærstu lán til viðskiptavina			512.962

Skýring 3. Skuldabréf útgefið af Nýja Kaupþingi

Skuldabréf útgefið af Nýja Kaupþingi 173.761

Samkvæmt ákvörðun FME tekur nýi Kaupþing yfir öll innlán Kaupþings og jafnframt megnið af eignum Kaupþings sem tengjast starfsemi á Íslandi, svo sem lán og aðrar kröfur. Sem endurgreiðsla gefur Nýi Kaupþing út skuldabréf/verðbréf til Kaupþings sem jafngildir mismunni eigna og skulda á gangvirði. PWC hefur gefið út bráðabirgða yfirlit yfir hreina eign Nýja Kaupþings við stofnun, 22. október 2008. Bráðabirgðamatíð er notað sem grundvöllur fyrir núverandi verðmat á skuldabréfinu. Vinna við verðlagningu skuldabréfsins/verðbréfsins hefur ekki verið klárð og því liggur endanlegt virði verðbréfsins ekki fyrir en virði þess er líklegt til að vera töluvert frábrugðið því virði sem sett er fram hér að ofan. Frekari upplýsingar má finna í kafla 5.1 *Skipting Kaupþings og Nýja Kaupþings* í kröfuhafaskýrslu Bankans.

Skýring 4. Skuldabréf

Skuldabréf sundurliðast með eftirfarandi hætti:

	Veðsett	Óveðsett	Samtals
<i>Skuldabréf</i>			
Skráð	234.113	11.267	245.380
Óskráð	21.042	33.140	54.182
Skuldabréf	255.155	44.407	299.562
<i>10 stærstu stöður</i>			
1 Seðlabanki Íslands	17.717		17.717
2 Íbúðarbréf 04/1	16.182		16.182
3 Íbúðarbréf 04/2	15.391		15.391
4 Íbúðarbréf 4/3	11.632		11.632
5 Credit Suisse International		8.039	8.039
6 Glitnir Banki	4.959		4.959
7 Íbúðarbréf 04/4	4.926		4.926
8 Hypo Public Finance Bank	4.732		4.732
9 SSIF NEVADA LP	4.394		4.394
10 CAPITALIA SOCIETA PER AZIONI	4.316		4.316
Skuldabréf	84.249	8.039	92.288

Skýring 5. Hlutabréf og hlutdeildarskírteini:

Hlutabréf og hlutdeildarskírteini sundurliðast með eftirfarandi hætti:

	Veðsett	Óveðsett	Samtals
<i>Hlutabréf og hlutdeildarskírteini</i>			
Skráð	138.235	2.410	140.644
Óskráð	2.449	41.905	44.354
Hlutabréf og hlutdeildarskírteini	140.683	44.315	184.998
<i>10 stærstu stöður</i>			
1 Smásala / UK	45.451		45.451
2 Lánastofnun / Skandinavía	30.233	28	30.260
3 Iðnaður / UK	27.208		27.208
4 Iðnaður / UK	21.247		21.247
5 Þjónusta / Skandinavía	8.416		8.416
6 Smásala / UK		7.509	7.509
7 Smásala / UK		6.854	6.854
8 Fasteignafélag / USA		5.632	5.632
9 Iðnaður / Ísland	5.439		5.439
10 Eignarhaldsfélag / USA		4.944	4.944
Hlutabréf og hlutdeildarskírteini	137.994	24.967	162.961

Skýring 6. Afleiðusamningar

Afleiðusamningar sundurliðast með eftirfarandi hætti:

Eignaskiptasamningar	48.236
Gjaldmiðlaskiptasamningar	88.701
Vaxtasuptasamningar	204.813
Vilnanir	5.242
Aðrir afleiðusamningar	170
Afleiðusamningar	347.162

Afleiðusamningar skiptast með eftirfarandi hætti eftir mótaðilum:

Lánastofnanir	295.846
Aðrir viðskiptavinir	51.316
Afleiðusamningar	347.162

Skýring 7. Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum

Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum greinist með eftirfarandi hætti:

	Veðsett	Óveðsett	Samtals
<i>Hlutdeildarfélög:</i>			
Skráð	62.299		62.299
Óskráð		7.312	7.312
Hlutdeildarfélög:	62.299	7.312	69.611
<i>Eftir félögum:</i>			
Storebrand	62.299		62.299
Finoble		645	645
KP II BV		6.667	6.667
Associated companies:	62.299	7.312	69.611

Skýring 8. Fjárfestingar í dótturfélögum

Fjárfestingar í dótturfélögum greinist með eftirfarandi hætti:

	Veðsett	Óveðsett	Samtals
<i>Dótturfélög</i>			
Skráð		10.665	10.665
Óskráð	260.110	262.653	522.763
Dótturfélög	260.110	273.318	533.428
<i>Eftir félögum</i>			
FIH	238.605		238.605
Kaupthing Bank Luxembourg		70.641	70.641
Kaupthing Singer & Friedlander		91.345	91.345
Norvestia		10.665	10.665
Kaupthing Svíþjóð	21.505		21.505
Singer & Friedlander Isle of Man Holdings Ltd.		14.425	14.425
Kirna and subsidiaries		70.101	70.101
New Bond Street Diversified Fund		8.320	8.320
Kaupthing ASA		3.276	3.276
Fron Insurance		1.736	1.736
Önnur félög		2.809	2.809
Dótturfélög	260.110	273.318	533.428

Skýring 9. Skatteign

Skatteign greinist með eftirfarandi hætti:

Fyrirframgreiðsla á tekjuskatti vegna 2007	2.519
Skatteign	2.519

Skýring 10. Aðrar eignir

Aðrar eignir sundurgreinast með eftirfarandi hætti:

Óuppgerðar afleiður	118.194
Viðskiptakröfur	24.935
Óinnheimtar tekjur	2.518
Fyrirfram greiddur kostnaður	1.267
Fullnustueignir	78
Aðrar eignir	1.618
Aðrar eignir	148.611

Óuppgerðar afleiður sundurgreinast með eftirfarandi hætti:

Á móti lánastofnunum	93.233
Á móti öðrum viðskiptavinum	24.961
Óuppgerðar afleiður	118.194

Skýring 11. Innlán viðskiptamanna

Innlán viðskiptamanna sundurgreinast með eftirfarandi hætti:

Innlán í útibúi í Pýskalandi	48.415
Innlán tengd útlánunum	47.689
Innlán viðskiptamanna	96.104

Skýring 12. Fjárskuldir á gangverði

Fjárskuldir á gangverði sundurliðast með eftirfarandi hætti:

Eignaskiptasamningar	12.348
Gjaldmiðlaskiptasamningar	13.812
Vaxtaskiptasamningar	59.875
Vilnanir	4.434
CDO's	51.397
Aðrir afleiðusamningar	6.518
Fjárskuldir á gangverði	148.384

Fjárskuldir á gangverði skiptast með eftirfarandi hætti eftir mótaðilum:

Lánastofnanir	114.844
Aðrir viðskiptavinir	33.540
Fjárskuldir á gangverði	148.384

Skýring 13. Lántaka

Lántaka greinist með eftirfarandi hætti:

Útgefin skuldabréf	1.882.779
Peningamarkaðslán	348.549
Útgefnir vixlar	67.849
Önnur lán	568.029
Lántaka	2.867.206

Útgefin skuldabréf greinast á eftirfarandi hátt eftir útgáfum:

144A	503.971
EMTN	1.252.103
Samurai	103.285
Íslensk	17.945
Sértryggð skuldabréf	5.475
Útgefin skuldabréf	1.882.779

Peningamarkaðsinnlán greinast með eftirfarandi hætti

Seðlabanki Íslands - endurhverf viðskipti	222.352
Aðrar lánastofnanir	126.197
Peningamarkaðsinnlán	348.549

Skýring 14. Víkjandi lán

Víkjandi lán greinast með eftirfarandi hætti:

EMTN víkjandi A skuldabréf	101.290
Önnur víkjandi A skuldabréf	95.552
Innlend víkjandi A skuldabréf	4.618
144A víkjandi B skuldabréf	173.163
EMTN víkjandi B skuldabréf	82.084
Víkjandi lán	456.707

Skýring 15. Aðrar skuldir

Aðrar skuldir greinast með eftirfarandi hætti:

Óuppgerðar afleiður	102.194
Ógreitt til Tryggingainnistæðusjóðs í Noregi og Finnlandi	85.025
Viðskiptaskuldir	4.387
Fyrirfram innheimtar tekjur	390
Aðrar skuldir	191.996

Óuppgerðar afleiður greinast með eftirfarandi hætti

Lánastofnanir	77.233
Aðrir viðskiptavinir	24.961
Óuppgerðar afleiður	102.194

5.4 Mat á eignum Kaupings

Samkvæmt 13. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. ber aðstoðarmanni í greiðslustöðvun að boða kröfuhafa Bankans til fundar. Það var gert þann 5. febrúar. Samkvæmt 14. gr. gjaldþrotaskiptalaganna er aðstoðarmanni í greiðslustöðvun skylt að leggja fram áætlað mat sitt á eignum og skuldbindingum Bankans eins og þær voru á frestdegi, 15. nóvember 2008, á fundi kröfuhafa Bankans. Í lögunum er ekki tilgreint hvaða forsendum eða aðferðum félögum í greiðslustöðvun er skylt að beita.

Samantektin hér að neðan, sem ekki hefur farið í gegnum endurskoðun, hefur verið unnin af starfsmönnum skilanevndar sem eru sérfræðingar með þekkingu á þeim eignum sem um ræðir. Leggja ber áherslu á að þetta eignamat fór fram samkvæmt forsendum sem til staðar voru þann 15. nóvember 2008. Matið á eignum Bankans byggist á áætluðu söluverði eignanna í nóvember 2008, þ.e. ef allar eignir Bankans hefðu verið seldar á markaði á þeim tíma. Matið miðast við viðskipti ótengdra aðila og að um sé að ræða viljugan seljanda og viljugan kaupanda að viðkomandi eign. Því er ekki tekið tillit til þeirrar reglu skilanevndar að eignir Bankans séu verndaðar og skuli ekki seldar við núverandi markaðsaðstæður. Við eignamatið er heldur ekki tekið tillit til neinnar hugsanlegrar verðmætaaukningar á eignum vegna mögulegrar endurskipulagningar innan Bankans. Ekki var reynt á þessu stigi að meta hugsanlegt framtíðarverðmæti eigna vegna hinnar miklu óvissu á markaðnum og um markaðsaðstæður á komandi árum var. Eftirfarandi útreikningur á skuldum er ef til vill ekki tæmandi eða nákvæmur þar sem lagaleg óvissa ríkir um einhvern hluta þeirra.

Verðmætið tekur ekki tillit til mögulegra áhrifa skuldajöfnunar sem hafa mun áhrif á bæði eigna- og skuldastöðu efnahagsreikningsins. Bráðabirgðamat á áhrifum skuldajöfnunar er á bilinu 200 til 400 milljarðar íslenskra króna og telja verður líklegt að það muni hafa veruleg áhrif á endurheimt krafna. Fram til þessa hafa Bankanum borist kröfur um skuldajöfnun frá mótaðilum að upphæð um 200 milljarðar íslenskra króna, að frátöldum uppgjörum skv. ISDA samningum, en ekki má með nokkru móti líta á það sem endanlega fjárhæð og fyrir því eru tvær meginástæður. Í fyrsta lagi eiga mótaðilar rétt á að leggja fram kröfu þar til formlegum kröfutíma lýkur, en sá tími hefur ekki hafist enn. Í öðru lagi þarf að skoða hvert mál og meta það áður en hægt er að samþykkja eða hafna kröfunni. Enn er því óvissa um hve skuldajöfnun verður mikil og hver áhrifin verða.

Eins og ljóst er af efni þessarar skýrslu hafa miklar breytingar átt sér stað á efnahagsreikningi Bankans frá 15. nóvember 2008. Hér fyrir neðan er yfirlit yfir helstu breytingarnar. Ekki má þó líta á það sem endanlegt en ætlunin er aðeins að veita lesendum betri innsýn í efnahagsreikninginn. Ekki hefur verið tekið tillit til hugsanlegra afskrifta í upphæðum hér að neðan.

- Vegna leiðréttingar á ráðstöfun eigna og skulda í samræmi við ákvörðun FME hækkuðu lán til viðskiptavina um u.þ.b. 190 milljarða íslenskra króna að nafnvirði, þar af voru um 90 milljarðar óveðsettir. Þetta ætti að öðru óbreyttu að leiða til þess að upphæð fjármálagerningsins verður lægri.
- Vegna lokunar og sölu dótturfélagsins í Svíþjóð hækkuðu lán til viðskiptavina um u.þ.b. 110 milljarða íslenskra króna, en fjárfestingar í dótturfélögum og víkjandi lán Bankans til dótturfélagsins, sem bókað var sem lán til lánastofnana, lækkaði um sömu upphæð.
- Vegna frjálsrar sölu á tilteknum eignum hafa lán til viðskiptavina lækkað um u.þ.b. 18 milljarða íslenskra króna að nafnvirði og lausafjárforði hefur aukist sem því nemur. Taka verður þó tillit til þess að eignirnar seldust ekki allar á nafnvirði.
- Vegna endurgreiðslna lána hefur heildarupphæð lána til viðskiptavina lækkað og sjódsstaðan batnað sem því nemur.

Lesendum er bent á fyrirvara í upphafi skýrslunnar og í lok hennar.

<i>Allar upphæðir í mISK</i>	Efnahagsreikningur 15.11.2008 bókfært virði	Veðsettar eignir	Forgangs- kröfur	Efnahagsreikningur 15.11.2008 að frádragnu	Áætlað virði 15.11.2008
Assets	(1)	(2)	(3)	(2) og (3)	
Sjóður og sjóðsinnstæður hjá Seðlabönkum	4.012			4.012	4.012
Kröfur á lánastofnanir	235.300	(27.184)		208.116	100.000
Lán til viðskiptavina	962.788			962.788	250.000
Skuldabréf útgefið af Nýja Kaupþingi	173.761			173.761	170.000
Skuldabréf	299.562	(255.155)		44.407	10.000
Hlutabréf og hlutdeildarskírteini	184.998	(140.683)		44.315	10.000
Aflleiðusamningar	347.162			347.162	90.000
Fjárfestingar í hlutdeildarfélagum	69.611	(62.299)		7.312	0
Fjárfestingar í dótturfélögum	533.428	(260.110)		273.318	20.000
Fasteignir og aðrir fastafjármunir	628			628	0
Skatteign	2.519			2.519	0
Aðrar eignir	148.611			148.611	100.000
Forgangskröfur			(135.898)	(135.898)	(135.898)
Eignir samtals	<u>2.962.380</u>	<u>(745.432)</u>	<u>(135.898)</u>	<u>2.081.051</u>	<u>618.114</u>
Myntgengi (EUR/ISK)	171,077	171,077	171,077	171,077	171,077
Skuldir					
<i>Almennar skuldir</i>					
Innlán lánastofnana	9.001			9.001	
Innlán viðskiptamanna	96.104		(48.415)	47.689	
Fjárskuldir á gangverði	148.384			148.384	
Lántaka	2.867.206	(745.432)		2.121.775	
Skattskuldir	150			150	
Aðrar skuldir	191.996		(87.483)	104.513	
Almennar skuldir samtals	<u>3.312.841</u>	<u>(745.432)</u>	<u>(135.898)</u>	<u>2.431.512</u>	
Vikjandi lán	<u>456.707</u>			<u>456.707</u>	
Eigið fé					
Hlutafé	7.270			7.270	
Yfirverðsreikningur	136.591			136.591	
Varasjóðir	132.241			132.241	
Ójafnað tap / óráðstafað eigið fé	(1.083.270)			(1.083.270)	
Eigið fé samtals	<u>(807.168)</u>			<u>(807.168)</u>	
Skuldir og eigið fé samtals	<u>2.962.380</u>	<u>(745.432)</u>	<u>(135.898)</u>	<u>2.081.051</u>	
Myntgengi (EUR/ISK)	171,077	171,077	171,077	171,077	

6. Greiðslustöðvun

6.1 Inngangur

Þann 21. nóvember 2008 lagði skilanefnd fram beiðni um heimild til greiðslustöðvunar í Héraðsdómi Reykjavíkur, í samræmi við lög nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Það var gert m.a. til þess að koma í veg fyrir einhliða aðgerðir kröfuhafa og stuðla að fjárhagslegri endurskipulagningu Bankans. Héraðsdómur Reykjavíkur veitti heimild til greiðslustöðvunar þann 24. nóvember 2008 og var Ólafur Garðarsson hrl. skipaður aðstoðarmaður við greiðslustöðvun. Heimild til greiðslustöðvunar var fyrst veitt til klukkan fjórtán þann 13. febrúar 2009.

Aðstoðarmaður við greiðslustöðvun boðaði kröfuhafa til fundar þann 5. febrúar 2009 og leitaði eftir áliti fundarmanna í tengslum við stöðu Bankans en mál voru ekki borin til atkvæða og engar formlegar ákvarðanir voru teknar, enda ekki gert ráð fyrir því samkvæmt lögum. Fundurinn var haldinn í upplýsingaskyni fyrir kröfuhafa Bankans vegna þinghaldsins þann 13. febrúar 2009 þar sem lögð var fram beiðni um áframhaldandi heimild til greiðslustöðvunar. Héraðsdómur Reykjavíkur úrskurðaði í kjölfarið að Bankinn fengi áframhaldandi heimild til greiðslustöðvunar allt til 13. nóvember 2009. Þann dag verður málið tekið fyrir að nýju til úrskurðar um hvort áframhaldandi heimild til greiðslustöðvunar verði veitt. Fyrirtaka málsins þann dag verður í opnu þinghaldi.

Heildartímalengd greiðslustöðvunar getur í mesta lagi verið 24 mánuðir. Samkvæmt nýjum lögum nr. 44/2009 um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 getur greiðslustöðvun fjármálafyrirtækis aðallega endað á þrjá vegu ef það getur ekki staðið við skuldbindingar sínar: i) töku til slitameðferðar, ii) töku til gjaldþrotaskipta, eða iii) gerð nauðasamninga.

Skilanefnd mun halda áfram störfum á meðan á greiðslustöðvun stendur og mun, á grundvelli valdheimilda stjórnar og hluthafafundar Bankans, fara með ákvörðunarvald um málefni hans.

Skilanefnd starfar áfram með aðstoðarmanni í greiðslustöðvun. Markmið hans eru hin sömu og markmið skilanefnar, þ.e. að verja eignir og hámarka endurheimt krafna.

Á meðan á greiðslustöðvun stendur mun ICC einnig starfa áfram sem óformlegur vettvangur kröfuhafa. ICC hefur engar formlegar heimildir samkvæmt lögum.

6.2 Aðstoðarmaður í greiðslustöðvun


Eins og rætt er að ofan hefur Ólafur Garðarsson, hæstaréttarlögmaður og meðeigandi að Lögfræðistofu Reykjavíkur, verið skipaður aðstoðarmaður Bankans við greiðslustöðvun. Ólafur hefur verið hæstaréttarlögmaður síðan 1992 og eru sérsvið hans meðal annars samrunar og yfirtökur, félagaréttur og fjarskiptaréttur.

Aðstoðarmaður við greiðslustöðvun hefur eftirlit með ráðstöfun eigna Bankans og greiðslu krafna á meðan á greiðslustöðvun stendur. Markmið hans eru þau sömu og skilanefnar, að varðveita eignir Bankans og hámarka endurheimt krafna á hendur Bankanum. Hann aðstoðar Bankann í viðleitni sinni til að koma á fjárhagslegri endurskipulagningu og við ákvarðanir um hvernig megi koma slíku á með sem bestum hætti.

6.3 Tímalengd greiðslustöðvunar

Eins og þegar hefur verið nefnt féllst Héraðsdómur Reykjavíkur á beiðni Bankans um heimild til áframhaldandi greiðslustöðvunar og var heimild til greiðslustöðvunar framlengd til 13. nóvember 2009 en þann dag verður dómþing háð að nýju til að taka málið fyrir. Hyggst Bankinn leggja fram beiðni um áframhaldandi heimild til greiðslustöðvunar í því þinghaldi. Aðstoðarmaður við greiðslustöðvun skal halda skal kröfuhafafund að minnsta kosti þremur sólarhringum fyrir þinghaldið 13. nóvember 2009 til að fjalla um beiðni um áframhaldandi heimild til greiðslustöðvunar.

Samþykki héraðsdómur þann 13. nóvember 2009 að framlengja greiðslustöðvunina verður hún framlengd til ákveðins dags og stundar innan níu mánaða og skal á þeim degi háð dómþing til þess að taka málið fyrir að nýju. Bankinn getur farið fram á frekari framlengingar með sama hætti. Héraðsdómur getur þó aldrei heimilað að greiðslustöðvun vari lengur en 24 mánuði samanlagt frá þinghaldinu þann 24. nóvember 2008.



6.4 Reglur um greiðslustöðvun

Reglur um greiðslustöðvun Bankans breyttust með lögum nr. 44/2009 sem tóku gildi þann 22. apríl 2009. Skilanefnd fer nú með valdheimildir hluthafafundar Bankans, sem áður var í höndum FME, auk þess að fara með valdheimildir stjórnar Bankans líkt og skilanefnd gerði áður á grundvelli ákvörðunar FME frá 9. október 2009. Bankinn verður áfram undir eftirliti aðstoðarmanns við greiðslustöðvun. Bankinn starfar einnig áfram samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og undir almennu eftirliti FME. Héraðsdómur Reykjavíkur á hins vegar einn úrskurðarvald um málefni sem varða greiðslustöðvunina, framlengingu hennar, niðurfellingu o.s.frv.

Ákvæði laga nr. 44/2009 mæla fyrir um að skilanefnd ráðstafi hagsmunum Bankans eftir sömu reglum og gilda um bústjórn skiptastjóra við gjaldþrotaskipti með frávikum þó. Frávikin frá almennum reglum um bústjórn við gjaldþrotaskipti lýsa sér einkum í því að skilanefnd skal hafa að markmiði að fá sem mest fyrir eignir fjármálafyrirtækis, þar á meðal með því að bíða eftir efndatíma á útistandandi kröfum Bankans fremur en að koma þeim strax í verð. Í þessum tilgangi er skilanefnd heimilt að líta hjá ályktun kröfuhafafundar sem hún telur andstæða þessu markmiði. Skilanefnd hefur því rúman tíma til þess að gæta hagsmuna Bankans og kröfuhafa.

Tilvísun til reglna um bústjórn við gjaldþrotaskipti felur í sér að skilanefnd fer með forræði á eignum Bankans og getur ein ráðstafað hagsmunum Bankans og svarað fyrir skyldur hans. Skilanefnd kemur fram af hálfu Bankans fyrir dómi og gerir samninga í hans nafni líkt og áður. Skilanefnd gætir þess sem fyrr að öllum eignum og réttindum verði ráðstafað á sem hagkvæmastan hátt eftir því sem við á og að kröfur Bankans verði innheimtar. Skilanefnd gripur einnig til allra aðgerða sem eru nauðsynlegar til að varna tjóni.

Skilanefnd getur haldið kröfuhafafundi eftir því sem skilanefnd þykir henta til að kynna ráðstafanir sem hafa verið gerðar í tengslum við hagsmuni Bankans. Á slíkum kröfuhafafundum má leita eftir tillögum eða ákvörðunum um ráðstafanir sem eru enn ógerðar og gefa kost á að tillögur varðandi bústjórn verði settar fram. Kröfuhafafundur getur ekki haft áhrif á ráðstafanir skilanefndar sem þegar hafa farið fram. Þá má skilanefnd ráðfæra sig við einstaka kröfuhafa áður en gripið er til ráðstafana sem varða þá sérstaklega.

Meðan á greiðslustöðvun stendur er óheimilt að taka Bankann til gjaldþrotaskipta eða kyrrsetja eignir hans, taka þær í löggeymslu, gera fjárnám í þeim eða ráðstafa þeim með nauðungarsölu.

Dómsmál verður ekki höfðað gegn Bankanum meðan á greiðslustöðvun stendur nema mælt sé sérstaklega fyrir um heimild til þess í lögum eða um opinbert mál sé að ræða.

6.5 Slitastjórn

Samkvæmt nýjum lögum nr. 44/2009 um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 skal skipa sérstaka slitastjórn til þess að fara með ýmis málefni Bankans á meðan hann er í greiðslustöðvun. Í samræmi við ákvæði laga nr. 44/2009 skipaði Héraðsdómur Reykjavíkur þann 25. maí 2009 slitastjórn fyrir Kaupþing banka. Í slitastjórninni sitja Ólafur Garðarsson hæstaréttarlögmaður og aðstoðarmaður í greiðslustöðvun, Feldís L. Óskarsdóttir héraðsdómslögmaður og Davíð B. Gíslason héraðsdómslögmaður. Slitastjórn hefur ekki boðvald yfir skilanefnd né öfugt. Nefndirnar eru staðráðnar í að eiga gott og náið samstarf á þann hátt að hagsmunum Bankans og kröfuhafa hans sé best borgið.

Hlutverk slitastjórnar er m.a. að annast innköllun krafna á hendur Bankanum og taka afstöðu til viðurkenningar á þeim. Slitastjórn skal birta innköllun krafna og ákvarða kröfulýsingarfrest en hann getur í mesta lagi orðið sex mánuðir frá því að innköllun krafna var birt. Slitastjórn heldur skrá yfir lýstar kröfur og ákvarðar hvar krafa stendur í réttindaröð. Þá sér hún einnig um hugsanlega greiðslu krafna í kjölfar fyrsta kröfuhafafundarins sem haldinn verður að loknum kröfulýsingarfresti.

Slitastjórn getur einnig komið fram riftun á gerningum Bankans eftir sömu reglum og gilda um gjaldþrotaskipti. Í því felst, með nokkurri einföldun, að hafi Bankinn staðið með óeðlilegum hætti að gerningum á tilteknu tímabili fyrir frestdag þann 15. nóvember 2008 þá megi rifta slíkum ráðstöfunum og krefja þann sem hagnaðist á þeim um endurgreiðslu eða skaðabætur.

Slitastjórn sér um mat og viðurkenningu á kröfum. Í grófum dráttum mun innköllunarferlið líklega eiga sér stað á eftirfarandi hátt:

- Gefin verður út innköllun á kröfum. Í innkölluninni mun tímalengd kröfulýsingarfrestsins vera tilgreind og hefst fresturinn þegar innköllunin hefur verið birt í Lögbirtingablaðinu.
- Kröfulýsingarfresturinn verður líklega 6 mánuðir.
- Kröfum verður að vera lýst fyrir lok kröfulýsingarfrests. Sé það ekki gert, þá falla þær niður gagnvart Bankanum, nema að skilyrði fyrir ákveðnum undantekningum séu uppfyllt.
- Að loknum kröfulýsingarfresti skal slitastjórn útbúa kröfuskrá, þ.e. skrá yfir fram komnar kröfur og láta í ljós afstöðu sína til þess hvort og þá hvernig eigi að viðurkenna hverja kröfu um sig.

- Boðað er til kröfuhafafundar til að fjalla um viðurkenningu krafna. Núgildandi löggjöf gerir ráð fyrir að hann sé haldinn innan mánaðar frá því að kröfulýsingarfresti lýkur. Heimilt er að boða til fleiri kröfuhafafunda.
- Viku fyrir framangreindan kröfuhafafund skal slitastjórn láta eintak kröfuskrár liggja til sýnis á starfsstofu sinni fyrir þá sem þangað koma og hafa lýst kröfu á hendur Bankanum.
- Erfitt er að meta hversu langan tíma það muni taka að ljúka ferlinu við að taka afstöðu til lýstra krafna, bæði vegna gríðarlegs fjölda kröfuhafa og vegna þess að flókið og tímafrekt kann að reynast að taka afstöðu til margra krafna.
- Sá háttur sem hafður verður á kröfulýsingum hefur enn ekki verið útfærður nákvæmlega. Ákvæði laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. um kröfulýsingar á hendur þrotabúi gilda um kröfulýsingar á hendur Bankanum.
- Ein af meginreglum gjaldþrotalaganna er reglan um jafnræði kröfuhafa. Slitastjórnin mun hins vegar þurfa að líta einnig til ákveðinna undantekninga frá þeirri meginreglu, svo sem forgangs röðunar við greiðslu krafna.
- Slitastjórnin hefur ekki tekið ákvörðun um hvers konar sönnunar verði krafist fyrir tilvist lýstra krafna. Almennar reglur íslensk réttar um sönnun fyrir kröfum gilda í þeim efnum.
- Kröfur verða þó að vera nákvæmar og m.a. tilgreina þá fjárhæð sem krafist er, ásamt sundurliðun á höfuðstól kröfunnar, vöxtum og kostnaði. Upplýsingar um það á hverju kröfuhafinn byggir kröfu sína verða að koma fram, ásamt gögnum sem styðja það.

Kröfuhafafundir haldnir af skilanefnd annars vegar og slitastjórn hins vegar fjalla um mismunandi hliðar á starfsemi Bankans. Í framkvæmd er aftur á móti líklegt að þessir fundir verði haldnir sameiginlega, þótt mismunandi ákvæði gjaldþrotalaga kunni að gilda, eftir því hvaða mál eru til umfjöllunar á fundinum.

Eftir lok kröfulýsingarfrests skal slitastjórn halda kröfuhafafund. Núgildandi löggjöf gerir ráð fyrir að sá fundur skuli haldinn innan mánaðar frá lokum kröfulýsingarfrests. Einni viku fyrir fundinn skal kröfuskrá vera aðgengileg kröfuhöfum. Kröfuhafi, sem ekki vill una afstöðu slitastjórnar til viðurkenningar kröfu sinni á hendur Bankanum, skal lýsa yfir mótmælum sínum á kröfuhafafundi eða tilkynna slitastjórn það með bréfi sem berst henni eigi síðar en á þeim fundi. Á sama hátt er kröfuhafa rétt að mótmæla afstöðu slitastjórnar til viðurkenningar kröfu annars kröfuhafa, hafi niðurstaða um hana áhrif á hagsmuni þess sem hefur uppi mótmælin. Að því leyti sem mótmæli koma ekki fram gegn afstöðu slitastjórnar til viðurkenningar á kröfu telst afstaðan endanlega samþykkt.

Kröfuskráin skal kynnt á kröfuhafafundi, sem og þau mótmæli sem fram hafa komið. Slitastjórnin skal á kröfuhafafundi veita fundarmönnum þær skýringar sem þeir æskja um efni einstakra krafna, sem og ástæður fyrir afstöðu sinni til viðurkenningar á þeim. Komi fram mótmæli á fundinum gegn afstöðu slitastjórnar til viðurkenningar kröfu, skal slitastjórnin reyna að leysa úr ágreiningnum. Takist það ekki skal boða þá sem eiga hlut að máli sem fyrst til sérstaks fundar í því skyni. Verði ágreiningurinn ekki leystur með þeim hætti, skal slitastjórn beina málefnum til Héraðsdóms Reykjavíkur.

Að loknum fyrsta kröfuhafafundi eftir lok kröfulýsingarfrests, er slitastjórn heimilt í einu lagi eða mörgu að greiða viðurkenndar kröfur að hluta eða fullu. Sé það gert, skal gæta þess að það sé tryggt að eignir Bankans hrökkvi til að minnsta kosti jafnhárrar greiðslu allra annarra krafna sem standa eins í réttindaröð og hefur ekki endanlega verið hafnað við slitameðferð. Einnig skal slitastjórn gæta þess að allir kröfuhafar sem fara með viðurkenndar kröfur í sömu stöðu í réttindaröð fái greiðslu á sama tíma, en frá því má þó víkja með samþykki þeirra sem ekki fá greitt, eða samkvæmt ákvörðun slitastjórnar ef kröfuhafi býðst til að gefa eftir kröfu sína gegn greiðslu hennar að hluta, sem víst má telja að sé lægri að tiltölu en aðrir jafnstæðir kröfuhafar munu fá á síðari stigum, þar á meðal að teknu tilliti til þess hvort kröfur beri vexti fram að greiðslu.

Slitastjórn getur ekki tekið ákvörðun um sölu á eignum fyrir greiðslu á kröfum. Aðeins skilanefndin er bær til þess að taka ákvörðun um sölu á eignum Bankans í samræmi við lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki eins og þeim var breytt með lögum nr. 44/2009.

Slitastjórn mun einnig sjá um nauðasamningsumleitunir, komi til þeirra, í kjölfar mats skilanefndar á því hvort að Bankinn eigi nægar eignir til að mæta skuldbindingum sínum. Þetta felur m.a. í sér að slitastjórnin þarf að semja frumvarp að nauðasamningi, bera það undir kröfuhafafund og fara fram á samþykki kröfuhafa á því og afla staðfestingar Héraðsdóms Reykjavíkur á samningnum hafi hann hlotið samþykki tilskilins hluta kröfuhafa. Hafi nauðasamningur hlotið samþykki nægilegs hluta kröfuhafa og hann hlotið staðfestingu fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, þá ber slitastjórn að sjá til þess að samningurinn sé efndur.

Slitastjórn Bankans hefur nú auglýst frest til að lýsa kröfum á Bankann. Kröfuhöfum hefur verið boðið að lýsa kröfum sínum skriflega innan sex mánaða frá 30. júní 2009 eða frá þeim tíma sem innköllun var birt í *Lögbirtingablaðinu*. Það þýðir að frestur til að lýsa kröfum rennur út 30. desember 2009.

Innköllunin var birt í íslenskum dagblöðum og í fjölmiðlum þar sem Bankinn hafði stofnað útibú. Til að ná til sem flestra kröfuhafa var innköllunin einnig birt í *Stjórtíðindum Evrópusambandsins (Official Journal of the European Union)* og í alþjóðlegum miðlum til að ná til eins margra kröfuhafa og auðið væri. Form til að lýsa kröfum er aðgengilegt á heimasíðu Bankans. Nánari upplýsingar um kröfulýsingarferlið er að finna á www.kaupthing.com undir efnisflokkunum „Claiming process“ og „FAQ“.

6.6 Kröfuhafafundir

Samkvæmt nýjum lögum nr. 44/2009 eru málefni sem tekin verða fyrir á kröfuhafafundum að meginstefnu tvenns konar, annars vegar umfjöllun um ráðstafanir skilanefndar á hagsmunum Bankans og hins vegar umfjöllun um viðurkenningu slitastjórnar á kröfum á hendur bankanum.

Skilanefnd getur haldið kröfuhafafundi eftir því sem skilanefnd þykir henta til að kynna ráðstafanir sem hafa verið gerðar í tengslum við hagsmuni Bankans. Á slíkum kröfuhafafundum má leita eftir tillögum eða ákvörðunum um ráðstafanir sem eru enn ógerðar og gefa kost á að tillögur um bústjórn verði settar fram. Kröfuhafafundur getur ekki haft áhrif á ráðstafanir skilanefndar sem þegar hafa farið fram. Þá má skilanefnd ráðfæra sig við einstaka kröfuhafa áður en gripið er til ráðstafana sem varða þá sérstaklega.

Kröfuhafi á rétt á að sækja kröfuhafafund ef hann hefur lýst kröfu sinni fyrir slitastjórn og henni hefur ekki endanlega verið hafnað. Kröfuhafafundir til að fjalla um bústjórn og viðurkenningu á kröfum verða ekki haldnir fyrr en að loknum kröfulýsingarfresti. Mæti kröfuhafi ekki til skiptafundar getur hann glatað rétti til að hafa uppi mótmæli eða kröfur vegna ákvarðana og ráðstafana sem hafa verið teknar þar eða kynntar.

Ef greiða þarf atkvæði á kröfuhafafundi um málefni sem varða bústjórn ráðast atkvæði af fjárhæð krafna. Til þess að kröfuhafafundur sé ályktunarbær um málefni búsins þurfa kröfuhafar sem fara með þriðjung heildaratkvæða, miðað við fjárhæð krafna sem ekki hefur verið endanlega hafnað, að mæta. Til þess að víkja frá ákvörðun meirihluta ályktunarbærs kröfuhafafundar um bústjórn þarf skilanefnd oftast að hafa sérstakar ástæður, s.s. að ákvörðun sé andstæð lögum, óheiðarleg, óframkvæmanleg, mismuni kröfuhöfum, fari bersýnilega í bága við hagsmuni lánardrottna sem sóttu ekki fundinn eða ef ákvörðun er ekki til þess fallin að stuðla að því að sem mest fáið fyrir eignir Bankans.

Slitastjórn skal annast umfjöllunar um viðurkenningu á kröfum á hendur Bankanum á kröfuhafafundum. Slitastjórn leggur fyrir kröfuhafafund kröfuskrá sína og kröfulýsingar ásamt mótmælum sem kunna að

hafa borist vegna viðurkenningar á kröfum. Slitastjórn skal veita fundarmönnum skýringar um viðurkenningar á kröfum og mótmæli gegn þeim. Ef ágreiningur verður um viðurkenningu krafna skal slitastjórn reyna að jafna þann ágreining á fundinum. Ef það er ekki hægt skal boða til sérstaks fundar þeirra sem gera athugasemdir við viðurkenningu krafna og þeirra sem athugasemdir beinast að. Ef ekki er hægt að jafna ágreininginn á slíkum sérfundum verður deilu aðila vísað til héraðsdóms. Að því leyti sem mótmæli koma ekki fram gegn afstöðu slitastjórnar til viðurkenningar kröfu telst afstaðan endanlega samþykkt við skiptin

Auk þeirra funda sem fjallað hefur verið um að ofan kann aðstoðarmaður við greiðslustöðvun að boða til sérstakra funda í tengslum við beiðnir til Héraðsdóms Reykjavíkur um framlengingu greiðslustöðvunarinnar.

6.7 Yfirlit yfir íslenska löggjöf um nauðasamninga

Markmið nauðasamninga er hið sama og greiðslustöðvunar; að bregðast við fjárhagslegum erfiðleikum skuldara. Ólíkt nauðasamningum, þá beinist greiðslustöðvun frekar að því að veita skuldara svigrúm til fjárhagslegrar endurskipulagningar til lengri tíma lítið í þeirri von að skuldarinn geti aukið, eða að minnsta kosti varðveitt verðmæti eigna sinna. Nauðasamningum er hins vegar ætlað að bæta úr neikvæðri eignastöðu eða ógjaldfærni skuldarans með samningi við kröfuhafa hans með almennum skilmálum sem ganga jafnt yfir alla kröfuhafa sem eiga samningskröfur á hendur skuldarinum.

Í apríl síðastliðnum tóku gildi ný lög nr. 44/2009 til breytingar á lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki þar sem er að finna sérreglur um nauðasamningsumleitanir fjármálafyrirtækja sem eru undir slitameðferð. Samkvæmt þeim getur slitastjórn fjármálafyrirtækis ákveðið að leita nauðasamninga ef hún telur að eignir fyrirtækisins nægi ekki til fullrar greiðslu krafna sem ekki hefur endanlega verið hafnað við slitameðferð. Almenna reglan um nauðasamningsumleitanir er sú að beiðast verður heimildar héraðsdómstóls til slíkra umleitana. Það á hins vegar ekki við um fjármálafyrirtæki undir slitameðferð. Við nauðasamningsumleitanir eftir þessum reglum fer slitastjórn með það hlutverk sem umsjónarmaður nauðasamningsumleitana eða skiptastjóri bús undir gjaldþrotaskiptum færir alla jafna með og sér um að halda kröfuhafafundi.

Taki slitastjórn ákvörðun um að leita nauðasamnings, semur hún frumvarp að nauðasamningi. Í því þarf að koma fram hversu mikið skuldarinn bjóðist til að greiða af samningskröfum og í hverju formi, hvenær greiðslur muni eiga sér stað, hvort vextir og þá hverjir verði greiddir af samningskröfum frá því nauðasamningur kemst á til gjalddaga, ef greiðslufrestur er ráðgerður, og hvort trygging og þá hver verði sett fyrir efnidum nauðasamnings.

Nauðasamningur hefur aðeins áhrif á þær kröfur á hendur skuldara sem nefnast samningskröfur. Hugtakið er skilgreint á neikvæðan hátt og tekur til allra krafna á hendur skuldarinum sem ekki eru undanþegnar áhrifum nauðasamnings. Nauðasamningur hefur ekki áhrif á eftirfarandi kröfur:

- Kröfur sem hafa orðið til eftir að úrskurður gekk um heimild skuldarans til að leita nauðasamnings.
- Kröfur um annað en peningagreiðslu sem verður fullnægt eftir aðalefni sínu.
- Kröfur sem nyttu stöðu skv. 109., 110. og 112. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. ef bú skuldarans hefði verið tekið til gjaldþrotaskipta á þeim degi sem úrskurður gekk um heimild hans til að leita nauðasamnings.
- Kröfur sem yrði fullnægt með skuldajöfnuði ef bú skuldarans hefði verið tekið til gjaldþrotaskipta.
- Kröfur sem eru sérstaklega undanþegnar áhrifum nauðasamnings eftir ákvæðum hans með því að þær greiðist að fullu, sbr. 2. mgr. 36. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.
- Þá getur lánardrottinn sem á kröfu á hendur skuldara sem nauðasamningur tekur ekki til, afsalað sér þeim rétti, þannig að nauðasamningurinn hafi áhrif á kröfu hans.

- Einnig leiðir nauðasamningur til brottfalls skulda sem yrði skipað í skuldaröð eftir 114. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldprotaskipti o.fl. ef bú skuldarans hefði verið tekið til gjaldprotaskipta.

Þegar slitastjórn ákveður að bera megi frumvarp að nauðasamningi undir atkvæði boðar hún til sérstaks kröfuhafafundar í því skyni. Til fundarins skal boða með auglýsingu í Lögbirtingablaði með að minnsta kosti tveggja vikna fyrirvara. Slitastjórn skal gera skrá um atkvæðisrétt um frumvarpið og þar skal tiltekið hver atkvæði fylgi hverri kröfu, bæði að höfðatölu og eftir kröfufjárhæð. Í skránni skulu aðeins greindar þær kröfur sem hafa hlotið viðurkenningu við slitameðferð og atkvæðisréttur fylgir að mati slitastjórnar. Hver kröfuhafi sem á samningskröfu á hendur skuldaranum skal hafa eitt höfðatöluatkvæði og atkvæðamagn sem nemur samsvarandi hundraðshluta og fjárhæð samningskröfu hans nemur af heildarfjárhæð samningskrafna. Ef einn kröfuhafi á tvær samningskröfur eða fleiri, þá skal leggja þær saman og telja þær sem eina kröfu og aðeins eitt höfðatöluatkvæði skal fylgja kröfunum til samans. Einnig getur eitt höfðatöluatkvæði skipst á milli fleiri en eins kröfuhafa, hafi framsal á samningskröfu átt sér stað síðustu þrjá mánuði fyrir frestdag. Atkvæðisbærir kröfuhafar mega greiða atkvæði um frumvarp skriflega og skal tekið tillit til slíkra atkvæða ef þau berast slitastjórn í síðasta lagi áður en atkvæðagreiðsla er lokið, enda sé þá enginn viðstaddur af hálfu kröfuhafans þegar atkvæðagreiðsla fer fram. Skriflegt atkvæði skal þó aðeins tekið gilt, komi ótvíræð og skilyrðislaus afstaða til frumvarpsins þar fram og undirskrift kröfuhafans er vottuð af tveimur vitundarvottum, héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanni eða lögbókanda.

Nauðasamningur telst samþykktur ef honum er greitt sama hlutfall atkvæða og eftirgjöf af samningskröfum á að nema samkvæmt samningnum, bæði eftir höfðatölu allra atkvæðisbærra kröfuhafa og fjárhæðum krafna þeirra, en þó aldrei minna en 60 hundraðshluta atkvæða á báða vegu. Ef samningur um annað en eftirgjöf á að fara fram, t.d. samningur um skipti á skuldakröfum fyrir hluti, þá þarf einnig samþykki 60 hundraðshluta atkvæða á báða framangreinda vegu.

Hafi frumvarp að nauðasamningi hlotið samþykki tilskilins meirihluta kröfuhafa, ber slitastjórn að afla staðfestingar Héraðsdóms Reykjavíkur á samningnum. Fáist slík staðfesting telst vera kominn á nauðasamningur. Samningurinn verður aðeins bindandi gagnvart þeim kröfuhöfum sem eiga samningskröfur í framangreindum skilningi. Ef nauðasamningur er staðfestur, efnir slitastjórn eftir þörfum skuldbindingar samkvæmt honum og lýkur svo slitameðferð. Efndir á samningskröfu hafa sömu áhrif og ef krafan hefði verið efnd að fullu eftir upphaflegu efni sínu.

Hljóti frumvarp að nauðasamningi hins vegar ekki samþykki nægilegs hluta kröfuhafa, eða hafnað hefur verið kröfu um staðfestingu hans, skal slitastjórn krefjast þess að bú fyrirtækisins verði tekið til gjaldprotaskipta. Það sama getur kröfuhafi gert ef krafa hans hefur verið viðurkennd við slitameðferð og nauðasamningsumleitaniir slitastjórnar hafa annaðhvort ekki borið árangur eða hann sýnir fram á að ekki séu lagaskilyrði fyrir hendi til nauðasamningsumleitana, eða að sá fjöldi kröfuhafa sé andvígur honum að útilokað sé að tekist geti að koma honum fram miðað við fyrirliggjandi upplýsingar um hag fyrirtækisins. Til að hafa slíka kröfu uppi verður þó kröfuhafi að sýna fram á að hann hafi lögvarða hagsmunir af því að koma fram gjaldprotaskiptum fremur en að búið sé áfram í slitameðferð.

6.8 Ástæður greiðslustöðvunar

Eitt hlutverka skilanevndar og starfsmanna hennar er að varðveita eignir Bankans og gæta hagsmuna kröfuhafa. Skilanevnd Bankans er þeirrar skoðunar að hagsmunum bankans sé best borgið með því að endurskipuleggja rekstur bankans og fresta sölu eigna þar til aðstæður á markaði batna. Þetta er í samræmi við vilja kröfuhafa sem hafa látið í ljós skoðun sína við skilanevnd og aðstoðarmann við greiðslustöðvun. Skilanevnd er þeirrar skoðunar að sala eigna sé slæmur kostur við núverandi aðstæður, enda fáir kaupendur til staðar vegna efnahagslæððarinnar sem hrjáir flest vestræn hagkerfi. Verðmæti eignasafns Bankans er í fordæmalausri lægð og aðgangur mögulegra kaupenda að lánsfé er

verulega takmarkaður, svo að fátt eitt sé nefnt. Skilanefnd er því þeirrar skoðunar að hagsmunum kröfuhafa sé betur borgið með því að kröfur í eigu Bankans séu varðveittar fram að gjalddögum eða eignir séu seldar á lengra tímabili. Kröfuhafar og sérfræðingar sem veitt hafa skilanefnd ráðgjöf eru einhuga um þessa nálgun sem á sér einnig stoð í nýjum lögum nr. 44/2009 um breytingu á lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Þessu er ætlað að leiða til þess að kröfuhafar endurheimti hærra hlutfall af kröfum sínum en ef eignir Bankans væru seldar við núverandi aðstæður.

Beiðni um heimild til greiðslustöðvunar var, að mati skilanefndar, nauðsynlegt skref til þess að tryggja að allir kröfuhafar Bankans hlytu sanngjarna meðferð og farið sé með kröfur á hendur Bankanum í samræmi við íslensk lög. Þessi markmið nást með því að verja eignir Bankans á meðan á greiðslustöðvun stendur.

Skilanefnd hefur það að markmiði að vernda eignir Bankans með því að koma í veg fyrir kyrrsetningu þeirra. Greiðslustöðvunin hefur veitt Bankanum nauðsynlega vernd fyrir lagalegum aðgerðum gegn Bankanum, svo sem kyrrsetningu eigna, og tryggt að Bankinn hafi nógu víðtækt bankaleyfi til þess að verja eignir hans. Á Evrópska efnahagssvæðinu hefur skilanefnd varist kyrrsetningarbeiðnum eftir því sem viðkomandi mál falla til og ber skilanefnd þá fyrir sig tilskipun 2001/24/EB um endurskipulagningu og slit lánastofnana. Bankinn hefur einnig fengið greiðslustöðvun í Bandaríkjunum samkvæmt reglum 15. kafla bandarísku gjaldþrotalöggjafarinnar og hefur sú aðgerð veitt Bankanum vernd í Bandaríkjunum. Skilanefnd hefur varist kyrrsetningu eigna með góðum árangri í Bandaríkjunum og Lúxemborg. Þá verst skilanefnd frekari kyrrsetningarbeiðnum í Hollandi og Lúxemborg. Án greiðslustöðvunar væri mun erfiðara fyrir skilanefnd, ef ekki ómögulegt, að koma í veg fyrir kyrrsetningu eigna.

Greiðslustöðvunin hefur veitt og mun áfram veita svigrúm fyrir skilanefndina til þess að ná fram sölu á eignum og ná fram fyrirhugaðri endurskipulagningu til þess að hámarka greiðslu krafna á hendur Bankanum.

Bankanum er þannig veitt vernd fyrir ákveðnum aðgerðum kröfuhafa en um leið eru settar skorður við heimildum Bankans til að ráðstafa eignum, greiða skuldir og taka á sig nýjar skuldbindingar.

6.9 Lok greiðslustöðvunartímabils

Eins hefur verið lýst að ofan þá var Bankanum fyrst veitt heimild til greiðslustöðvunar þann 24. nóvember 2008 en héraðsdómi er miðað við núverandi aðstæður einungis heimilt að veita endurtekna heimildir til greiðslustöðvunar sem stæðu alls í 24 mánuði, þ.e. greiðslustöðvun getur staðið ekki lengur en til 24. nóvember 2010.

Þegar heimild til greiðslustöðvunar tekur enda skal fjármálafyrirtæki tekið til slitameðferðar samkvæmt nýjum lögum um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki nr. 44/2009. Margar þeirra reglna sem gilda um greiðslustöðvunina og hafa verið raktar gilda áfram við slitameðferð. Skilanefnd starfar t.d. áfram við slitameðferð og skal hafa að markmiði að fá sem mest fyrir eignir fjármálafyrirtækis, þar á meðal að bíða eftir þörfum eftir efnatíma á útistandandi kröfum Bankans fremur en að koma þeim fyrr í verð.

Samkvæmt lögum 44/2009 kemur tvennt til skoðunar, hvort heldur sem er við greiðslustöðvun eða síðar við slitameðferð í kjölfar greiðslustöðvunar, ef í ljós kemur að eignir Bankans nægi ekki til greiðslu krafna:

- i) Gjaldþrot

Verði heimild til framlengingar greiðslustöðvunar ekki veitt þann 13. nóvember 2009 og Bankinn tekinn til gjaldþrotaskipta, telja bæði aðstoðarmaður við greiðslustöðvun og skilanevnd að slíkt leiði til frekari glötunar verðmæta. Kröfum í erlendri mynt verður þegar í stað breytt í íslenskar krónur og eignum Bankans sennilega líka breytt í íslenskar krónur til þess að lágmarka gengisáhættu. Meðferð eigna Bankans verður falin skiptastjóra sem mun að öllum líkindum leggja áherslu á skjóta sölu eigna. Aðstoðarmaður við greiðslustöðvun og skilanevnd telja að sala á eignum Bankans við núverandi markaðsaðstæður muni hafa veruleg neikvæð áhrif á endurheimt krafna á hendur Bankanum. Auk þessa myndi banki í gjaldþrotaskiptum glata bankaleyfi, standa frammi fyrir óhjákvæmilegri eignasölu og hafa minna svigrúm til þess að styðja við eignir. Þá er líklegt að lán til viðskiptamanna og skráðar og óskráðar eignir muni einungis verða seldar með afföllum.

Það er álit aðstoðarmanns í greiðslustöðvun og skilanevndar að þessi leið myndi draga úr líkum á greiðslu krafna og endurheimt verðmæta og að hagsmunum kröfuhafa sé ekki best borgið á þennan hátt.

ii) Nauðasamningar

Verði heimild til framlengingar greiðslustöðvunar ekki veitt þann 13. nóvember 2009 er hinn möguleikinn að á komist nauðasamningar sem miða að því að leysa fjárhagslega erfiðleika skuldara með því að lækka kröfur lánadrottna hlutfallslega með þeim afleiðingum að skuldarinn verði gjaldfær. Nauðasamningar miða að hámerkun á endurheimt krafna og verndun hagsmuna kröfuhafa með því að veita skuldara bæði færi á endurskipulagningu og að halda utan um eignir í stað þess að neyða hann til að selja eignir þegar í stað. Verði greiðslustöðvunarferli Bankans lokið með nauðasamningum verða endurskoðunarmöguleikar metnir og skoðaðir. Frekari umfjöllun um möguleika á endurskipulagningu Bankans má finna í kafla 7, *Mögulegar hugmyndir að endurskipulagningu Bankans*.

Eins og fjallað var um í undirkafla 6.7 *Yfirlit yfir íslenska löggjöf um nauðasamninga*, þá þarf samþykki minnst 60 hundraðshluta kröfuhafa, bæði eftir höfðatölu allra atkvæðisbærra kröfuhafa og fjárhæðum krafna þeirra til samþykktar á nauðasamningi. Kröfum í erlendri mynt er breytt í íslenskar krónur við nauðasamningsumleitunir en hins vegar mega greiðslur samkvæmt nauðasamningi mega vera í erlendri mynt.

7. Mögulegar hugmyndir að endurskipulagningu Bankans

Í samræmi við ákvörðun FME um ráðstöfun eigna og skulda Kaupþings var Bankanum skipt í tvennt, gamla Bankann og Nýja Kaupþing, þann 22. október 2008. Eins og áður hefur verið fjallað um í undirkafla 5.1. *Skipting Kaupþings og Nýja Kaupþings*, færðist einkum innlend starfsemi inn í Nýja Kaupþing, fjármögnuð af innlendum innlánnum. Bráðabirgðaeftahagsreikningur Nýja Kaupþings var útbúinn með aðstoð PWC á Íslandi.

7.1 Verðmat á eignum sem fluttar voru inn í Nýja Kaupþing og verðmat á fjármálagerningnum

Samkvæmt upphaflegri ákvörðun FME mun Nýja Kaupþing gefa út skuldabréf til Kaupþings banka. Samkvæmt sömu ákvörðun mun verðmæti skuldabréfsins samsvara mismuni markaðsvirðis þeirra eigna og skulda sem færðar voru frá Kaupþingi. Tegund og skilmálar fjármálagerningsins skipta bankann miklu máli.

FME hefur einnig skipað Deloitte í Bretlandi til að framkvæma óháð mat á eignum Nýja Kaupþings og Oliver Wyman hefur verið falið að samræma verðmatsferlið og endurskoða matið. Skv. FME, þá eiga þær aðferðir sem notaðar eru að miðast við að „mæla markaðsverð byggð á hefðbundnum viðskiptum milli markaðsaðila á þeim degi sem matið er unnið en ekki að miða við það verð sem hægt væri að fá við nauðungarsölu (e. forced liquidation or distressed sale)“. Við matið er stefnt að því að miða við efnahagsástandið á Íslandi til langs tíma lítið en ekki núverandi markaðsvirði íslenskra lána. Þann 23. apríl 2009 fengu Bankinn og Morgan Stanley, fjármálaráðgjafi Bankans, aðgang að fyrri hluta Deloitte-skýrslunnar og skýrslu Olivers Wyman. Deloitte-skýrslan gerir þó ekki grein fyrir lokaákvörðun FME um skiptingu eigna milli Bankans og Nýja Kaupþings þar sem listi yfir eignir og skuldir var fluttur aftur til Bankans. Samkvæmt ákvörðun FME fengu Bankinn og Morgan Stanley, að lokinni undirritun viðkomandi trúnaðarsamninga og skaðleysisfirlýsinga, aðgang að seinni hluta Deloitte-skýrslunnar frá 12. júní, og héldu síðan fund með Oliver Wyman og Deloitte um báðar skýrslurnar þar sem fjallað var um skiptingu eigna og spurningum svarað. Kröfuhafar hafa leyfi til að lesa fyrri hluta Deloitte-skýrslunnar og skýrslu Olivers Wyman í sérstöku gagnaherbergi, að því tilskildu að þeir undirriti trúnaðarsamninga og skaðleysisfirlýsingar. Því miður reyndist verðmat Deloitte ekki fullnægjandi til þess að hægt væri að styðjast við það í samningaviðræðunum við ríkið. Nánari upplýsingar um hvernig nálgast má þessar skýrslur er að finna í kaflanum FAQ á vefsíðu Bankans, www.kaupthing.com.

Þann 15. júní 2009 tilkynnti FME að frestur varðandi samkomulag um skilmála fjármálagerninga sem greiðslu fyrir hreinan eignaflutning til nýju bankanna renni út 17. júlí 2009.

7.2 Aðrar leiðir til endurskipulagningar

Kröfuhafar hafa lagt áherslu á mikilvægi þess að skilanefndin gæti hagsmuna þeirra í því úttektarferli sem nú fer fram. Skilanefndin hefur að beiðni fulltrúa kröfuhafa skipað Morgan Stanley sem ráðgjafa í þessu ferli til að koma með hugmyndir og tillögur um úrlausnir í málum er varða Nýja Kaupþing og endurskipulagningu Kaupþings. Skilanefndin og Morgan Stanley hafa í samræðum sínum við kröfuhafa komist að því að þeim síðarnefndu finnst ýmislegt athugavert við tillöguna sem FME lagði fram í upphafi, þegar það gaf út ákvörðun sína um ráðstöfun eigna og skulda, þar sem kröfuhafar áttu að fá skuldabréf á móti óhjákvæmilegum flutningi hreinna eigna til Nýja Kaupþings, og hafa sagt að skoða bera aðra kosti varðandi eignarhald Nýja Kaupþings.

Kröfuhafar vilja að eftirfarandi markmið verði skoðuð vandlega:

- i) Forðast að byggja eingöngu á þeirri aðferðafræði sem lögð er til í ákvörðun FME við verðmat á eignum sem fluttar eru yfir í Nýja Kaupþing, enda sé slíkt háð ýmsum forsendum sem deila megi um
- ii) Hugsanleg hækkun á verðmæti eigna í Nýja Kaupþingi ætti að mestu leyti að skila sér til kröfuhafa
- iii) Ef stjórnvöld greiða eigið fé inn í Nýja Kaupþing ætti að líta til þess að hugsanleg hækkun á verðmæti eignanna skili sér með einhverju móti bæði til kröfuhafanna og stjórnvalda

7.3 Samband Bankans og Nýja Kaupþings

Nokkrar hugmyndir voru skoðaðar sem lutu að því að Nýja Kaupþing greiði Bankanum ekki fyrir eignirnar með skuldabréfi og að íslenska ríkið verði ekki eini eigandi Nýja Kaupþings. Morgan Stanley setti fram tillögur þar sem haft er að leiðarljósi það sem þegar hefur komið fram, að íslenska ríkið og kröfuhafar njóti gagnkvæms ávinnings. Markmiðið var að finna lausnir sem eru ásættanlegar fyrir alla viðkomandi aðila, bæði íslenska og erlenda kröfuhafa, íslenska ríkið sem eiganda Nýja Kaupþings og Fjármálaeftirlitið. Skilanefndin og aðstoðarmaður í greiðslustöðvun telja að það þjóni ekki einungis hagsmunum Kaupþings og kröfuhafa Bankans að finna lausn, heldur einnig hagsmunum Nýja Kaupþings, íslenska ríkisins og öllum almenningi í landinu. Vinsamlegt samkomulag við kröfuhafa Kaupþings gæti verið mikilvægur liður í því að koma á eðlilegum bankaviðskiptum milli Íslands og alþjóðasamfélagsins.

Afstaða kröfuhafa, markmið til enduruppbyggingar, sem og nokkrum tillögum um endurskipulagningu voru kynntar fyrir ýmsum fulltrúum stjórnvalda.

Þann 12. mars 2009 sendi fjármálaráðuneytið frá sér fréttatilkynningu um markmið sín varðandi greiðslur til kröfuhafa:

- „Að tryggja að komið sé fram við kröfuhafa á viðeigandi hátt í öllum gömlu bönkunum þremur, þar með talið að upplýsingar séu gagnsæjar og berist þeim jafnóðum í samningsferlinu.
- Að bestu starfsháttum á alþjóðavísu sé beitt.
- Að tryggja stöðugt bankakerfi á Íslandi sem verði í stakk búið til að standa við skuldbindingar sínar sem felast í þeim greiðslum sem nýju bankarnir munu inna af hendi.
- Að hafa reglubundið samráð og samstarf við skilanefndir gömlu bankanna og ráðgjafa þeirra til að geta tekið tillit til sjónarmiða þeirra.
- Að ná samkomulagi sem kröfuhafar sætta sig við og sem gerir ríkisstjórn Íslands og nýju bönkunum kleift að komast aftur inn á alþjóðlegan fjármagnsmarkað.“

Einn liður í ferlinu er sá að Hawkpoint, skipaður fjármálaráðgjafi ríkisstjórnarinnar, vinnur nú ásamt Nýja Kaupþingi að því að tilteknum lykilmálefnum og undirbúningi sérsniðins upplýsingapakka sem Kaupþing og Morgan Stanley munu fá til skoðunar áður en samningaviðræður um fyrirkomulag og skilmála fjármálagerninga geta hafist, þar á meðal eru:

Þann 4. júní kynnti stjórn Nýja Kaupþings fyrstu viðskiptaáætlun sína og efnahagsreikning fyrir skilanefndinni og Morgan Stanley, sem og lausnir sínar á misvægi eigna og skulda. Síðar á sama fundi kynntu Þorsteinn Þorsteinsson og Hawkpoint skilanefndinni og Morgan Stanley tillögu ríkisstjórnarinnar um endurgreiðslu. Talið var að eignamat stjórnar Nýja Kaupþings skyldi liggja til grundvallar slíkri

greiðslu. Fundarmenn voru sammála um að ekki væri hægt að hefja samningaumræður um neinar tillögur fyrr en búið væri að ganga frá skiptingu eigna og áreiðanleikakönnun hefði farið fram.

Þar af leiðandi gekk FME frá skiptingu bankanna þann 11. júní. Síðan hófst vinna við áreiðanleikakönnun og ber stjórn Nýja Kaupþings að vera reiðubúin til að svara spurningum ýmissa sérfræðinga varðandi framsett eignamat, viðskiptaáætlun ásamt misvægi í eignaflutningi, sem og viðskipti vegna SPM og SPRON. Áreiðanleikakönnuninni er ekki lokið.

7.4 Samkomulag um fjármögnun, endurgreiðslu og ferli

Skilanefnd Kaupþings, í samráði við Morgan Stanley og fulltrúa kröfuhafa, hefur staðið í samningaviðræðum við stjórnvöld í júní og júlí 2009 um ráðstöfun eigna og skulda sem færðar voru til Nýja Kaupþings í október 2008. Í ljósi beiðnar FME um að ákvörðun um endurgreiðslu vegna flutnings eigna og skulda í Nýja Kaupþing skuli liggja fyrir þann 17. júlí 2009 og þrýstings frá AGS að endurskipulagningu íslensks bankakerfis yrði lokið sem fyrst, voru íslensk stjórnvöld einbeitt í að komast að samkomulagi á réttum tíma og klára fjármögnun íslensku bankanna, a.m.k. til skamms tíma, sem allra fyrst. Skilanefnd Kaupþings undirritaði rammksamkomulag við stjórnvöld þann 17. júlí 2009.

Rammksamkomulagið er í takt við stefnu skilanefndarinnar, sem endurspeglar þá skoðun kröfuhafa, að Bankinn eigi að forðast brunasölu eigna og tryggja með því að hámarksverð fái fyrir eignir Bankans. Samkomulagið er einnig í takt við stefnu skilanefndarinnar sem hún hefur fylgt á Norðurlöndum að verjast þvinguðum flutningum eigna og halda þeim þar til markaðsaðstæður hafa breyst til hins betra.

Meðan á viðræðum við stjórnvöld stóð, kom skilanefnd Bankans þeim skilaboðum reglulega á framfæri við stjórnvöld að sá skammti tími sem öllum málsaðilum var gefinn til að komast að niðurstöðu gæti orðið til þess að ekki fengjust ásættanleg málalok fyrir kröfuhafa. Skilanefndin krafðist þess að allir kröfuhafar fengju viðeigandi aðgang og nægt tímarúm til að skoða öll málgögn. Þar að auki mótmælti nefndin verðmati sem lagt var fram af stjórnvöldum á þeim eignum og skuldum sem fluttar voru yfir í Nýja Kaupþing. Samkvæmt verðmatinu nægðu eignir ekki fyrir skuldum en það var mat skilanefndar að hinar fluttu eignir dygðu til þess að mæta skuldbindingum sem fluttar voru til Nýja Kaupþings.

Þrátt fyrir knappan tíma, þá telur skilanefnd Kaupþings að samkomulagið sem náðist við stjórnvöld muni verða til þess að hámarka það verð sem fæst fyrir eignir Bankans. Samkomulagið mun að auki gefa skilanefnd tækifæri til þess að hafa samráð við kröfuhafa um málið.

Helstu atriði samkomulagsins:

Bankinn og íslenska ríkið hafa komist að samkomulagi um skilyrta fjármögnun á Nýja Kaupþingi þar sem Bankanum gefst kostur á að eignast 87% hlutafjár gegn framlagi á 65% af heildarfjármögnun Nýja Kaupþings. Ríkissjóður leggur á móti fram 35% af heildarfjármögnun í formi víkjandi láns og almenns hlutafjár og eignast 13% hlutafjár. Stærðir fjármálagerninganna (þ.e. víkjandi lánsins og almenna hlutafjárins) gætu breyst þegar fjármögnunin verður samþykkt af FME. Með þessu samkomulagi fær Bankinn aftur verðmæti þeirra eigna og skulda sem færðar voru yfir til Nýja Kaupþings í samræmi við ákvörðun FME í október 2008.

Fjármögnun af hálfu Bankans er háð eftirfarandi skilyrðum: tilskilinni skjalagerð, ásættanlegri áreiðanleikakönnun, samþykki eftirlitsaðila og samþykki skilanefndar en hún hyggst m.a. líta til samráðs við kröfuhafa. Það er markmið beggja aðila að klára alla skjalagerð fyrir 31. júlí 2009 en það er gert að skilyrði að þeirri vinnu verði lokið fyrir 14. ágúst 2009. Ef málsaðilar hafa ekki komist að niðurstöðu fyrir þann tíma þá fellur rammamningurinn niður. Íslensk stjórnvöld hyggjast endurfjármagna Nýja Kaupþing að fullu þann 14. ágúst 2009 með um það bil 70 milljarða króna eiginfjárframlagi í formi


almenns hlutafjár þar til fjármögnunin sem samningurinn gerir ráð fyrir er samþykktur en það framlag mun gera Nýja Kaupþing að fullu starfhæfan á meðan.

Frá undirritun bindandi samnings, munu Bankinn og stjórnvöld stýra Nýja Kaupþingi í sameiningu þar til skilyrði fjármögnunar eru uppfyllt eða lýst er yfir að ekki verði af samningum um að Bankinn leggi fram sinn hluta hlutafjár í Nýja Kaupþing.

Ef ekki er staðið við skilyrði fjármögnunar fyrir 31. október 2009 eða að skilanefndin lýsir yfir að hún muni ekki samþykkja fjármögnunina, munu stjórnvöld fjármagna Nýja Kaupþing eins og áður var gert ráð fyrir. Í kjölfarið munu endurgreiðslur fyrir eignaflutning til Nýja Kaupþings fara fram með annars konar fjármálagerningum.

Það ferli sem framundan er gerir þeim kröfuhöfum sem undirrita trúnaðarsamninga kleift að skoða upplýsingar um Nýja Kaupþing. Almennir kröfuhafar munu hafa aðgang að upplýsingapakka sem skilanefndin mun dreifa.

Bankinn eignast Nýja Kaupþing



Bankinn:

- Leggur fram 65% af heildar eiginfjárframlagi og eignast við það 87% hlut í Nýja Kaupþingi. Bankinn hyggst greiða sinn hluta með íslenskum krónum og eignum tengdum Íslandi, en hefur þó svigrúm til þess að nota aðrar eignir.
- Fær kauprétt að 13% hlut ríkissjóðs í Nýja Kaupþingi að uppfylltum ákveðnum skilyrðum

Ríkissjóður:

- Leggur fram 35% af heildar eiginfjárframlagi og eignast við það 13% hlut í Nýja Kaupþingi auk víkjandi skuldabréfs (Tier II note) útgefnu af Nýja Kaupþingi
- Samkvæmt hluthafasamkomulagi fær ríkissjóður einn stjórnarmann


Það er skoðun skilanevndar að sameiginlegt eignarhald Bankans og stjórnvalda á Nýja Kaupþingi leiði saman hagsmunum stjórnvalda, Bankans og kröfuhafanna. Með gjörningnum eru fjármögnunarskuldbindingar ríkisins minnkaðar og í kjölfarið eru hagsmunir erlendra aðila samofnir velgengni Nýja Kaupþings. Það er stefna skilanevndarinnar að tryggja að Nýja Kaupþing verði rekið sem arðbært fyrirtæki sem veiti þjónustu á íslenskum markaði og hámarki virði og endurheimt eigna. Á þann hátt eru hagsmunir kröfuhafa Bankans best tryggðir.

Nýja Kaupþing mun hér eftir sem hingað til heyra að öllu leyti undir íslensk lög og íslenskar eftirlitsstofnanir. Það felur meðal annars í sér að innistæður í bankanum eru jafn tryggðar og áður. Með þessari fjármögnun og frekari lausafjárútkningu sem er jafnframt hluti af samkomulaginu er Nýja Kaupþing sterkur og vel fjármagnaður banki.

Á næstu vikum lýkur vinnu við gerð stofnreiknings Nýja Kaupþings. Þá verður ljóst hvort um jákvæða eða neikvæða eignatilfærslu var um að ræða á milli Bankans og Nýja Kaupþings. Í tilviki neikvæðrar eignatilfærslu verður væntanlega gripið til frekari fjármögnunar með veðréttinum sem kemur fram í skýringarmyndinni hér að framan.

Ríkissjóður eignast Nýja Kaupþing

Ef fjármögnuninni lýkur ekki í samræmi við umfjöllunina hér að framan í kaflanum „Bankinn eignast Nýja Kaupþing“, mun eftirfarandi skipulag á fjármögnun verða hrundið í framkvæmd:



Bankinn:

- Fær kauprétt á 90% hlutfjár í Nýja Kaupþingi sem yrði í eigu ríkissjóðs. Kaupréttinn má nýta á árunum 2011 til 2015
- Setur fram eignir að eigin vali til veðsetningar fyrir neikvæðum mun vegna flutnings eigna og skulda til Nýja Kaupþings
- Fær hlutdeild í afkomu Nýja Kaupþings, með þeim hætti að ef afkoma af sérgreindu lánasafni hjá Nýja Kaupþingi er betri en tilgreind viðmiðunarávöxtun lánasafnsins (e. contingent value

right), þá verði slík afkoma sett upp í hugsanlegan neikvæðan mun á þeim eignum og skuldum sem fluttar voru yfir í Nýja Kaupþing

- Fær stjórnarsæti á meðan kaupréttarsamningur er í gildi. Einróma samþykki stjórnar verður krafist þegar tiltekna ákvarðanir verða teknar af stjórninni

Ríkissjóður:

- Leggur fram 100% hlutafjár í Nýja Kaupþing

Bráðabirgðamat á valkostum:

Það er mat skilanevndar að með þeim valkosti sem felur í sér yfirtöku Bankans á Nýja Kaupþingi fái hann að nýju undirverðlagðar eignir í Nýja Kaupþingi og geti með ráðandi hlut sínum stýrt bankanum á sem arðbæra stöðu og lagt áherslu á hámarksverðmæti. Eins og gefur að skilja þarf Bankinn að leggja til eignir úr eignasafni sínu til að fjármagna Nýja Kaupþing, en þó með eignum sem hefði engu að síður þurft að halda til lengri tíma, og nú munu þessar eignir mynda tekjur innan Nýja Kaupþings en ekki beint í eignasafni Bankans. Það er ætlun skilanevndar að nýta einungis íslenskar krónur og eignir tengdar Íslandi við fjármögnunina. Þó ber að hafa í huga að þær eignir sem nýttar verða við fjármögnunina verða ekki valdar fyrr en að fjármögnuninni kemur.

Í því tilviki að ríkissjóður eignast Nýja Kaupþing og sjái alfarið um fjármögnun Nýja Kaupþings hefur Bankinn takmörkuð áhrif í stjórn Nýja Kaupþings með einum stjórnarfulltrúa. Þar að auki fær Bankinn hluta virðisaukningar á ákveðnum hluta lánasafns Nýja Kaupþings og einungis frá fyrirtækinu sjálfu sem heild eftir að ríkissjóður hefur fengið sína fyrirfram ákveðnu ávöxtun.

Ítarlegri upplýsingar um þessa valkosti og þær skuldbindingar sem þeim fylgja verða birtar um leið og bindandi samningur hefur verið undirritaður fyrir 14. ágúst 2009, fyrir fyrirhugaðan kröfuhafafund í september 2009.

Frekar upplýsingar um ferli fyrir kröfuhafa til að fá aðgang að trúnaðarupplýsingum um málið og ítarlegri tímatafla verða birtar á heimasíðu Bankans, www.kaupthing.com, um leið og mögulegt er.

7.5 Frekari möguleikar á endurskipulagningu

Það er hið endanlega markmið aðstoðarmanns í greiðslustöðvun og skilanevndar að hámarka verðmæti eigna Bankans og færa kröfuhöfum þau verðmæti. Kröfuhafar hafa lýst þeim skoðunum sínum að ekki sé hægt að hámarka verðmæti eigna með eignasölu við núverandi markaðsaðstæður. Þar af leiðandi hafa aðstoðarmaður í greiðslustöðvun og skilanevnd, samkvæmt óskum kröfuhafa, unnið að öðrum lausnum til að viðhalda verðmæti eignanna þar til markaðir taka við sér. Í mörgum tilvikum þarf að eiga eignirnar til nokkurs tíma til þess að hægt sé að ná fram verðmæti þeirra að fullu. Bankinn vinnur eftir þeirri reglu að selja eignir eingöngu ef Bankinn ræður ekki við það að styðja við þær eða ef unnt er að fá viðunandi verð fyrir þær, að teknu tilliti til þeirrar fjármögnunar sem þarf til að viðhalda þeim til framtíðar. Skilanevnd mun einnig leita til fjármálaráðgjafa eftir hugmyndum um það hvernig flytja megi eignirnar yfir til kröfuhafa á síðari stigum. Markmiðið með öllum hugmyndunum á að vera að styðja áfram við eignirnar og gera kröfuhöfum kleift að losa sig við eignarhlut sinn með tímanum, með því að selja skuldabréf og/eða hlutabréf.

7.6 Samstarfsnefnd Bankans og aðrir stjórnskipaðir aðilar

Þar sem sumar hugmyndir um endurskipulagningu gætu krafist aðkomu og samþykkis annarra aðila en kröfuhafa Bankans óskaði skilanefnd eftir því að skipuð yrði samstarfsnefnd skilanefndar, ráðuneyta og Seðlabanka Íslands. Nefndin hefur engin formleg völd og er í eðli sínu ráðgjafarnefnd.

Sæti í samstarfsnefndinni eiga Þorsteinn Þorsteinsson, ráðgjafi sem ráðinn er tímabundið til starfa af fjármálaráðuneytinu, Steinar Þór Guðgeirsson, formaður skilanefndar Bankans, Þórhallur Arason, fulltrúi fjármálaráðuneytis, Helga Óskarsdóttir, fulltrúi viðskiptaráðuneytis og Jón Sigurgeirsson, fulltrúi Seðlabanka Íslands.

Fjármálaráðuneytið hefur einnig ráðið breska ráðgjafarfyrirtækið Hawkpoint sem fjármálaráðgjafa sinn. Það mun starfa undir eftirliti íslenskra stjórnvalda Þorsteinn Þorsteinsson stýrir samningaviðræðum milli nýju bankanna og þeirra gömlu er lúta að hreinum eignum sem fluttar voru til nýju bankanna. Skilanefnd Bankans, Morgan Stanley, Þorsteinn Þorsteinsson og Hawkpoint eru þeir aðilar sem vinna fyrst og fremst að endurskipulagningu Nýja Kaupþings.

Forsætisráðuneytið hefur ráðið Mats Josefsson, sænskan bankasérfræðing, til tímabundinna starfa sem ráðgjafa við uppbyggingu íslenska bankakerfisins. Hann er einnig formaður samræmingarnefndarinnar sem ber ábyrgð á að þróa, innleiða og skýra frá heildstæðri aðgerðaáætlun um endurskipulagningu bankanna. Aðrir nefndarmenn eru fulltrúar stofnana innan stjórnsýslunnar. Til að forðast misskilning skal tekið fram að samstarfsnefndin og samræmingarnefndin eru tvær ólíkar nefndir.

Auk þess hefur Kaarlo Jännäri, fyrrverandi forstjóri finnska fjármálaeftirlitsins, sem hefur víðtæka reynslu af hrúni efnahagskerfa, verið ráðinn til starfa af stjórnvöldum til að meta reglugerðarramma og eftirlitsstarfsemi og leggja fram tillögur um nauðsynlegar breytingar til að hægt sé að koma í veg fyrir að annað hrún eigi sér stað.

Viðauki A – Fundargerð frá kröfuhafafundi bankans sem haldinn var 5. febrúar 2009

Fundargerð aðstoðarmanns við greiðslustöðvun Kaupþings banka hf. á kröfuhafafundi sbr. 14. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.

Fimmtudaginn 5. febrúar 2009 kl. 10.00 var tekið fyrir á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2 í Reykjavík, að halda fund með lánardrottnum Kaupþings banka hf., Borgartúni 19, 105 Reykjavík, kt. 560882-0419, vegna heimildar bankans til greiðslustöðvunar.

Ólafur Garðarsson, hrl., aðstoðarmaður í greiðslustöðvun stjórnaði fundi og ritaði fundargerð, sbr. 2. mgr. 14. gr. laga nr. 21/1991. Boðað var til fundarins í samræmi við ákvæði 3. mgr. 98. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. lög 129/2008.

Viðstaddir voru fulltrúar lánardrottna bankans, alls um 250 manns. Í ljósi þess að meirihluti fundarmanna var mælandi á aðra tungu en íslensku var ákveðið að meginmál fundarins yrði flutt á ensku. Tómas Jónsson hrl. aðstoðaði aðstoðarmann við fundarstjórn. Skilanefnd bankans sat jafnframt fyrir svörum á fundinum.

Aðstoðarmaður í greiðslustöðvun gerði fundarmönnum grein fyrir eignum og skuldum bankans miðað við frestdag og hvernig hann taldi unnt að koma nýrri skipan á fjármál skuldarans og til hvaða aðgerða hefur verið gripið í þeim efnum. Fundarmenn fengu eintak af kynningu auk þess sem lögð var fram ítarleg samantekt frá aðstoðarmanni á ensku og íslensku. Kynningin og samantektin eru fylgiskjöl með fundargerð þessari.

Aðstoðarmaður gerði grein fyrir þeirri tillögu sinni að óskað yrði eftir áframhaldandi greiðslustöðvun til níu mánaða við næstu fyrirtöku í héraðsdómi Reykjavíkur, sem fyrirhuguð er þann 13. febrúar næstkomandi kl. 14.00.

Aðstoðarmaður leitaði eftir afstöðu lánardrottna til ráðagerða sinna og tillagna þeirra um aðgerðir.

Að erindi aðstoðarmanns loknu var gefinn kostur á fyrirspurnum og sjónarmiðum frá lánardrottnum. Alls tóku um tuttugu aðilar til máls.

Fram komu fyrirspurnir um ýmis málefni sem fjallað var um í ræðu aðstoðarmanns í greiðslustöðvun, sem aðstoðarmaður og fulltrúar skilanefndar svöruðu eftir því sem tók voru á.

Ekki komu fram nein mótmæli við áframhaldandi greiðslustöðvun.

Í lok fundar kynnti aðstoðarmaður fundarmönnum meginefni fundargerðar þessarar og gaf þeim kost á að gera athugasemdir við hana. Fundargerðin var samþykkt í því formi sem hér kemur fram.

Fundi var slitið kl. 12.15.

Ólafur Garðarsson, hrl.

-

Fyrirvari

Þessi kynning (ásamt breytingum og viðbótum við hana) hefur verið útbúin af skilanefnd Kaupþings banka hf. til upplýsinga fyrir kröfuhafa Bankans. Henni er ætlað að gefa kröfuhöfum Bankans yfirlit yfir þær aðgerðir sem þegar hefur verið gripið til, núverandi stöðu og möguleg næstu skref. Þær viðbætur og breytingar sem gerðar hafa verið á kynningunni frá áður birtum útgáfum hennar er ætlað að upplýsa kröfuhafa um þá þróun sem orðið hefur á málefnum Bankans en ekki skal líta á þær sem tæmandi yfirlit yfir allar þær breytingar sem kunna að skipta máli fyrir kröfuhafa. Við gerð og uppfærslu kynningarinnar var ekki tekið tillit til hagsmuna einstakra kröfuhafa eða hópa kröfuhafa.

Í þeim tilvikum sem upplýsingar í þessari kynningu stafa frá þriðja aðila hefur Bankinn álitid þær vera áreiðanlegar. Þrátt fyrir það tekur Bankinn enga ábyrgð á áreiðanleika slíkra heimilda. Ennfremur ber Bankinn enga ábyrgð á því hversu nákvæmar eða tæmandi upplýsingar í þessari kynningu eru. Bankanum ber engin skylda til að gera leiðréttingar eða breytingar á kynningunni verði vart við villur, nýjar upplýsingar koma fram eða forsendur breytast. Sú staðreynd að Bankinn hefur uppfært kynninguna leggur ekki þá skyldu á Bankann að gera breytingar eða viðbætur við hana í ljósi nýrra upplýsinga, breytinga eða hún innihaldi villur, hvort sem slíkt á sér stað eða kemur í ljós fyrir eða eftir birtingardag á uppfærðri kynningunni. Engin skylda hvílir á Bankanum til að gera ætluðum viðtakendum eða hugsanlegum lesendum kynningarinnar viðvart um þær breytingar eða viðbætur sem kunna að vera gerðar á kynningunni.

Endanlegt söluvirði eigna sem og mat á skuldbindingum Bankans kann að breytast miðað við þær forsendur sem hér koma fram. Þættir sem geta leitt til breytinga eru meðal annars eftirfarandi:

- (a) Lausn álitafna sem vakna varðandi mat á kröfum
- (b) Frekari kröfur sem koma fram á hendur Bankanum
- (c) Söluaðferðir sem verða notaðar
- (d) Áhrif skuldajöfnuða, meðal annars í tengslum við afleiðusamninga
- (e) Breytingar á gengi gjaldmiðla og vaxtastigi
- (f) Ríkjandi markaðstæður þegar eignir eru seldar

Þær upplýsingar sem fram koma í kynningu þessari eru ekki ætlaðar til notkunar við töku viðskiptaákvæðana. Séu viðskiptaákvæðanir teknar á grundvelli upplýsinga sem koma fram í kynningunni tekur hvorki Bankinn né aðstoðarmaður í greiðslustöðvun ábyrgð á slíkum ákvörðunum.

Skýrslan er gefin út á ensku og íslensku. Sé misræmi á milli útgáfa skal efni skýrslunnar sem er á ensku ganga framár.

Óheimilt er að nota efni, vinnu eða vörumerki Bankans án skriflegs samþykkis hans nema annað sé sérstaklega tekið fram. Enn fremur er óheimilt að birta efni sem samið er eða tekið saman af Bankanum án skriflegs samþykkis hans.

Morgan Stanley, sem er fjárhagslegur ráðgjafi skilanefndar Kaupþings banka hf., mun ekki líta á neinn annan aðila (hvort sem sá aðili kann að vera ætlaður viðtakandi eða hugsanlegur lesandi þessarar kynningar eða ekki) sem skjólstæðing sinn varðandi málefni Bankans og mun ekki bera ábyrgð gagnvart neinum öðrum en skilanefndinni á þeirri ráðgjöf. Allir meðlimir Morgan Stanley Group hafna allri ábyrgð gagnvart öðrum aðilum en skilanefnd Kaupþings banka hf. hvað varðar þessi málefni og þá ráðgjöf sem kann að verða veitt af þeirra hálfu varðandi málefni Bankans.